

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson skrifar um mat og mígreni. 11



**TÍMAMÓT** Fjörutíu ár eru síðan Bolungarvík fékk kaupstaðarréttindi. 16



**LÍFIÐ** Framleiða sjónvarpsþátt um list á mannamáli sem heitir Lyst á list. 26



**SPORT** Skúli Jón Friðgeirsson er búinn að spila nítján mínútur með Gefle. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
8. júlí 2014
158. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Gerir upp skuld við smið

Þorláksbúðarfélagið hefur fengið rúmar 11 milljónir að láni og í styrk til að gera upp við smið Þorláksbúðar. 8

**Njóta verndartolla en anna ekki eftirspurn** Íslensk svínabú anna ekki eftirspurn en framleiðslan er samt vernduð með tollum. 4

**Fluglest sögð hagkvæm fjárfesting** Forsendur fyrir lestarsamgöngum milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur hafa breyst. 2

**Matvælastofnun fylgist með svínabændum** Öll bú eiga að láta gelda grísi með deyfingu. 8




10

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | | NA | 2 |
| Akureyri | 13° | | S | 2 |
| Egilsstaðir | 14° | | S | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | SA | 3 |
| Reykjavík | 12° | | SV | 3 |

**Sést til sólar** á sunnanverðu landinu í dag en úrkoma norðan til einkum fyrrihluta dags. Vindur fremur hægur. Hiti 8-18 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Vörubílar og vinnuvélar | Fólk**




# Höft hættulegri en skellurinn

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir efnahagslega áhættu afnáms gjaldeyrishafta vera minni en hættuna sem fylgi ofhitnun hagkerfisins. Áskorun til stjórnvalda um að ráðast í afnám áður en það er um seinan.

**EFNAHAGSMÁL** „Lykilforsenda þess að hægt sé að koma í veg fyrir ofhitnun hagkerfisins er hratt afnám fjármagnshafta,“ skrifar Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, í grein í Fréttablaðinu í dag.

Þar segir Þorsteinn efnahagslega áhættu afnáms hafta vera mun minni en hættuna sem fylgi enn einni rússíbanareið íslensks efnahagslífs með „kunnuglegri kollsteypu í lok ferðar“.

Í greininni lýsir Þorsteinn þeirri skoðun sinni að aðstæður til afnáms haftanna séu eins hagstæðar og kostur sé á núna. „Efnahagslífið er í ágætu jafnvægi, verðbólga lág, hagvöxtur tekinn að aukast á nýjan leik og traust á íslenska hagkerfinu fer vaxandi,“ skrifar Þorsteinn.

Að sögn Þorsteins er ekki sjálfgefið að þessar aðstæður verði viðvarandi. Þannig sé veruleg hætta á ofhitnun innan hagkerfisins vegna rangrar verðlagningar krónunnar sem og allra helstu eignamarkaða.

Í samtali við Fréttablaðið segir Þorsteinn að hætta sé á því að ójafnvægið í hagkerfinu aukist eftir því sem líði á þessa uppsveiflu og þannig verði afnám haftanna erfiðara en nú. Þá dragi úr tiltrú fjárfesta og hætta myndist á verulegu útflæði fjármagns.

„Við teljum í raun og veru að efnahagsleg áhætta sem gæti falist í afnámi sé minni en sú efnahagslega áhætta sem við stöndum frammi fyrir vegna hafta og mun líklega skapast,“ segir Þorsteinn.

Aðspurður hvort greinin sé áskorun til stjórnvalda um að ráðast í afnámið áður en það verður of seint segir Þorsteinn að svo megi segja. „Besta mótvægisaðgerð stjórnvalda við yfirvofandi þenslu er afnám hafta.“ -fbj / sjá síðu 14



> **Besta mótvægisaðgerð stjórnvalda við yfirvofandi þenslu er afnám hafta.**
>
> *Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.*



**MIKIL EYÐILEGGING** Miklar skemmdir blöstu við slökkviliðsmanni í versluninni Rekstrarlandi eftir brunann í Skeifunni í fyrradag þegar hann kannaði aðstæður. Milt veður varð til þess að ekki fór enn verr. -Sjá síðu 6.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leita ráða vegna vefsíðu þar sem hægt er að spyrja spurninga nafnlaust:

# Börn auðmýkt á spurningasíðu

**UNGLINGAR** Foreldrar hafa leitað til SAFT, samtaka sem sérhæfa sig í netöryggi barna, til þess að leita ráða varðandi síðu þar sem börn á grunnskólaaldri eru spurð dónalegra nafnlausra spurninga.

Síðan sem um ræðir heitir ask.fm og hefur náð vinsældum á meðal unglinga hér á landi. „Við vonuðum lengi að þessi síða yrði aldrei vinsæl hér,“ segir Guðberg Konráð Jónsson, verkefnisstjóri hjá SAFT.

Unglingar sem skrá sig inn á síðuna hafa sumir lent í alvarlegu einelti. Þegar lögreglumál tengd spurningum og fullyrðingum á síðunni hafa komið upp getur reynst erfitt að fá upplýsingar og gögn frá þeim sem standa á bak við síðuna.

Spurningarnar eru af öllu tagi. Frá sakleysislegum spurningum á borð við: „Hvað er uppáhaldsmyndin þín?“ eða „Hvernig síma áttu?“ yfir í mun klúrari spurningar. „Hvaða stærð á typpi á stráknum sem þú værir með myndirðu velja?“ er spurning sem stúlka á grunnskólaaldri fékk inni á vefsíðunni og setninguna „Ríddu mér heita tussa“ má sjá á vegg hjá stúlku í sjöunda bekk.

„Ég ákvað að skrá mig þarna inn til að fylgjast aðeins með þessu. Og það voru vægast sagt ömurleg skilaboð sem ég sá,“ segir Anný Björg Pálmadóttir, móðir tólf ára gamallar stúlku sem skráði sig á síðuna. „Ég veit um stúlku sem var búin að fá þvílíkt ógeð inn á síðuna sína og burðast með þetta sjálf í nokkra daga og sagði engum frá því. Þau eru oft í mikilli vanlíðan með það sem er að gerast þarna inni án þess að við fáum að vita.“ -ssb / sjá síðu 6



**UNG BÖRN** Börnin sem um ræðir eru á grunnskólaaldri og þykja margar spurninganna dónalegar og klúrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR







## SPURNING DAGSINS



Jón, er allur broddur farinn úr þessu hjá þér?

**„Nei, ég er með endalaust suð í eyrunum.“**

Jón Halldórsson meindýraeyðir segir fækkun í geitungastofninum hafa valdið því að minna er að gera hjá meindýraeyðum en undanfarin ár.

Forsendur fyrir lestarsamgöngum milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur hafa gjörbreyst:

# Fluglest er sögð hagkvæm fjárfesting

**SAMGÖNGUR** Bygging og rekstur hraðlestar milli Keflavíkurflugvallar og miðborgar Reykjavíkur er hagkvæm fjárfesting í einkaframkvæmd sem ekki kallar á bein opinber framlög. Þetta er meðal niðurstaðna könnunar á arðsemi slíkrar lestar sem kynntar voru í gær.

Isavia, Reykjavíkurborg, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, fasteignafélagið Reitir og fleiri aðilar létu kanna nánar hagkvæmni verkefnisins í kjölfar jákvæðrar frumathugunar sem hafði áður verið kynnt.

Undirbúningur framkvæmda gæti hafist á næsta ári, framkvæmdir komnar á fullt árið 2018 og lestin hafið rekstur 2023 að því gefnu að fjármögnun undirbúningsfélags ljúki fyrir árslok, að því er segir í skýrslunni. Framkvæmda- og stofnkostnaður við hraðlestina er áætlaður um 102 milljarðar króna.

„Verkefni af þessari stærðargráðu kalla á mjög vandaðan undirbúning. Þetta er auðvitað svæðisskipulagsmál sem varðar allt suðvesturhornið. Fyrst þarf að kanna hvort vilji allra sé til þess að af þessu verði. Það þarf að leyfa loftinu að leika um hugmyndina og útreikningana þannig að allir fái vissu um að þeir haldi,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Samkvæmt skýrslunni er ekki gert ráð fyrir að Reykjavíkurflugvöllur verði fluttur. Hagræðing af styttri tengitíma milli millilandaflugs í Keflavík og innanlandsflugs í Vatnsmýri er reiknuð inn í samfélagslegan ábata. -ibs



**FLUGLEST** Það tæki farþega 15 til 19 mínútur að komast með hraðlestinni milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur. Ein stöð væri á leiðinni neðanjarðar í suðurhluta höfuðborgarsvæðisins.



**BLÓM VIÐ SKÓLANN** Fólk lagði leið sína að skólanum þar sem kennarinn var myrtur og lagði blóm við vegginn til minningar um hana. NORDICPHOTOS/AFP

Foreldri stakk kennara til bana í Frakklandi í síðustu viku:

## Þúsundir minnast kennarans

**FRAKKLAND Í gær tóku nokkur þúsund manns, þar á meðal margar fjölskyldur nemenda, þátt í þögulli göngu til minningar um hina 34 ára gömlu Fabienne Terral-Calmels sem lét lífið í skólastofu sinni síðasta skóladag skólaársins.**

**Móðir nemanda hennar stakk kennarann til bana í viðurvist nemendanna í bænum Albi í Frakklandi í síðustu viku. Sú grunaða gerði tilraun til að flýja af vettvangi en var gripin tuttugu mínútum síðar í nágrenni skólans.** -ebg

Tilkynningum fjölgaði:

## Aukið álag hjá barnavernd

**VELFERÐARMÁL** Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 14 prósent á fyrstu þremur mánuðum 2014 miðað við fyrstu þrjá mánuði 2013. Frá janúar til apríl á þessu ári voru tilkynninga 2.460 talsins. Umsóknum um meðferðarheimili og MST-meðferð fjölgaði einnig.

Flestar tilkynningar voru vegna vanrækslu eða 41,1 prósent. Fleiri tilkynningar bárust um drengi en stúlkur, eða 55 prósent tilkynninga. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um tæplega 15 prósent en rúmlega 13 prósent á landsbyggðinni. -ebg

Íslendingur lést á Spáni:

## Banaslys í skemmtigarði

**BANASLYS** Átján ára gamall karlmaður lést í skemmtigarðinum Terra Mitica á Benidorm síðdegis í gær. Spænskir fjölmiðlar fullyrtu að maðurinn væri íslenskur og utanríkisráðuneytið hefur staðfest þær upplýsingar.

Maðurinn lést þegar hann kastaðist úr rússíbana í skemmtigarðinum. Rússíbaninn kallast Inferno, fer á allt að 96 kílómetra hraða, er 25 metra hár og snýst í 360 gráður á 60 kílómetra hraða. Talið er að öryggisbelti mannsins hafi verið gallað.

Spænskir fjölmiðlar segja að pilturinn hafi verið með foreldrum sínum og vini í garðinum. -sks

# Klúrar spurningar dynja á unglingum

Gríðarlegur fjöldi ungmenna hefur tekið við svívirðingum og klúrum athugasemdum í gegnum vefsíðuna ask.fm. Skilaboðin sem berast í gegnum vefsíðuna eru nafnlaus og órekjanleg. Börn upplifa oft spennu og vanlíðan vegna síðunnar.

**UNGLINGAR** Mikill fjöldi unglinga er með aðgang að vefsíðunni ask.fm þar sem aðrir notendur geta nafnlaust spurt börnin spurninga. Mörg dæmi eru um að svívirðingar og einelti tíðkist á síðunni.

Við upplýsingaöflun á vefsíðunni einskorðaði Fréttablaðið sig við börn í grunnskóla. Dæmi um spurningar sem grunnskólastúlkur fengu eru: „Ertu hrein?“, „Puttar þú þig mikið?“ og „Hvað myndirðu gera ef þú værir með honum og hann myndi fara ofan á þig og klæða þig úr nærbuxunum?“



**ANNÝ BJÖRG PÁLMADÓTTIR**

En börnin taka ekki einungis við spurningum. Vefsíðan er líka notuð til eineltis sem birtist þá öllum sem skoða aðgang viðkomandi. Dæmi um skilaboð til ungrar stúlku sem Fréttablaðið fann við stutta leit er: „Ojj, ert svo ógeðsleg og fkn leiðinleg allir hata þig. Hengdu þig mella“ og „Ert svo glötuð allir vita að þú sért búin að ríða en þú ert að reyna að láta engan vita það.“

Öll þau börn sem Fréttablaðið skoðaði og höfðu verið virk á síðunni höfðu tekið við skilaboðum í svipuðum dúr. Eins og áður segir er vefsíðan vinsæl á meðal unglinga. Allar spurningar sem börnin kjósa að svara eru opinberar en þeir sem senda börnunum skilaboð eða spurningar geta falið sig á bak við nafnleynd sem ekki verður rofin.

Anný Björg Pálmadóttir, móðir tólf ára stúlku, skráði sig inn á vefsíðuna til að skoða hvað færi fram þar eftir að ábending barst frá skóla stúlkunnar um eineltismál tengt síðunni.

„Ég ákvað að skrá mig þarna inn tiwl að fylgjast aðeins með þessu. Og það voru vægast sagt ömurleg skilaboð sem ég sá,“ segir Anný sem kveður það á ábyrgð foreldra að leiðbeina börnum sínum um samskipti á internetinu. „Ég veit um stúlku sem var búin að fá þvílíkt ógeð inn á síðuna sína og burðast með þetta sjálf í nokkra daga og sagði engum frá því. Þau eru oft í mikilli vanlíðan með það sem er að gerast þarna inni án þess að við fáum að vita.“

Guðberg Konráð Jónsson, verkefnisstjóri hjá SAFT, samtökum sem sérhæfa sig í netöryggi barna, segir að foreldrar hafi haft samband til að leita ráða. Í þeim tilfellum þar sem lögreglumál tengd síðunni hafi komið upp hafi reynst erfitt að fá upplýsingar og gögn frá forsprökkum vefsíðunnar. „Við vonuðum lengi að þessi síða yrði aldrei vinsæl hér,“ segir Guðberg.

snaeros@frettabladid.is



**Á SKÓLATÍMA** Börnin geta nálgast vefsíðuna í gegnum snjallsímann og eru því tengd henni allan daginn. Dæmi eru um að kennarar hafi þurft að grípa inn í vegna notkunar síðunnar í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Makrílkvóti svo rýr á Patreksfirði að ekki tekur því að vinna hann:

# Minni útgerðir fá rýran hlut

**SJÁVARÚTVEGUR** Margar miðlungsstórar útgerðir fá svo magran makrílkvóta að ekki borgar sig fyrir þær að hefja makrílvinnslu. Þetta segir Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri Odda á Patreksfirði.

„Við erum með um 135 tonn, það tekur því ekki einu sinni að starta verkuninni,“ segir hann. Hann segir að víðar sé þessu svona farið eins og til dæmis á Tálknafirði og Grundarfirði. Á öllum þessum stöðum gæti myndarleg makrílvinnsla verið mikilvæg innspýting í atvinnulíf staðanna.

„Þetta fer mest á stóru skipin,“ segir hann. „Enda eru stóru útgerðirnar með betri hagsmunagæslu og fá því fleira framgengt.“

Ekki er það til að auðvelda vestfirskum útgerðum að ekki má veiða makríl við Vestfirði því þar eru hrygningarstöðvar mikilvægra stofna. „Það hljómar undarlega í okkar eyrum þegar sömu fræðimennirnir segja að það verði að veiða makrílinn því hann éti öll seiðin og síðan að það megi ekki veiða hann þar sem seiðin eru.“ -jse



**SIGURÐUR VIGGÓSSON** Það tekur því ekki að setja tækin í gang fyrir þann litla makrílkvóta sem þeim er úthlutað á Patreksfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

## Netið hjá Nova

# Í sambandi við sumarfríið þitt!




**4G pungur**

**7.990 kr.**

Með þjónustusamningi í áskrift
Fullt verð: 13.990 kr.

**4G hneta**

**13.990 kr.**

Með þjónustusamningi í áskrift
Fullt verð: 19.990 kr.

**4G box**

**19.990 kr.**

Með þjónustusamningi í áskrift
Fullt verð: 26.990 kr.

4G er ómissandi ferðafélagi í útileguna, sumarbústaðinn, bílinn, nú eða bara heima. Taktu 4G pung, hnetu eða box frá Nova með í fríið. 4G þjónusta Nova er á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Skorradal, Grímsnesi og Reykjanesbæ. 4G tæki virka að sjálfsögðu líka á 3G þannig að þú ert alltaf í sambandi!

**Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri**
**Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Þjónustusamningur í áskrift hjá Nova er til 6 mánaða, greitt með kreditkorti. Nánari upplýsingar á nova.is.

Brandenburg

## SVONA ERUM VIÐ



**16.639 leiguíbúðir voru skráðar á Íslandi árið 2011 eða 14,1 prósent allra íbúða.**

**Hinn 31. desember 2011 tók Hagstofa Ísland fyrsta rafræna manntalið á Íslandi.**

Yfirvöld í Hafnarfirði svara óskum Sniglanna um bifhjólastæði á þann veg að plássið sé nóg:

# Sniglarnir koma upp bifhjólastæðum

**UMFERÐ** Þótt gert sé ráð fyrir því í lögum að stæði séu til fyrir bifhjól á fjölmennustu stöðum þá sáust þess fá merki þar til Sniglarnir tóku sig til og eru nú að bæta úr.

„Við fórum í það að búa til þessi skilti og höfum nú þegar fengið að koma þeim upp í Smáralind. Svo er Kringlan að detta inn og fleiri staðir," segir Hrönn Bjargar Harðardóttir, formaður Sniglanna.

Leitað hefur verið til borgaryfirvalda og segir Hrönn að væntanlega verði slíkum stæðum komið fyrir við Hverfisgötu og á fleiri stöðum í höfuðstaðnum. Eins hefur verið sent erindi til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði um að koma upp bifhjólastæðum við bókasafnið og Súfistann. Skipulags- og byggingarráð svaraði reyndar erindinu á þann veg að næg bílastæði væri að finna í miðbænum eftir klukkan sex síðdegis.



„Við viljum náttúrlega fá að leggja löglega og eins koma hjólunum af gangstéttum og öðrum stöðum þar sem þau eiga helst ekki að vera. Bæði geta þau valdið óþægindum fyrir vegfarendur og svo er þetta líka spurning um að fá að hafa þau í friði en virðing fyrir eignum manna er stundum takmörkuð þegar hjólin eru ekki á sérstökum stæðum."

Mikið var um að vera hjá Sniglunum um helgina en þá voru þeir með landsmót í Húnaveri sem einnig var afmælishátíð því Sniglarnir fagna 30 ára afmæli í ár. -jse



**HRÖNN FORMAÐUR** Brátt geta menn lagt bifhjólum í þar til gerð stæði um allan bæ. MYND/ÍMA FÖNN HLYNSDÓTTIR

Erlend áhrif hrunsins metin:

## Hannes skrifar um hrunið

**STJÓRNSÝSLA** Fjármálaráðuneytið hefur skipað Hannes Hólmstein Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands, til að hafa umsjón með verkefni þar sem erlendir áhrifaþættir bankahrunsins verða metnir.



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

Verkefnið verður á forræði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og stefnt er að því að verkinu ljúki sumarið 2015.

Á meðal þeirra sem fá á til aðstoðar við verkið verða fyrrverandi fjármála-, forsætisráðherra og seðlabankastjóri Bretlands. -ih

Kaupverðið 690 milljónir:

## Strætó kaupir tuttugu vagna

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. hafa fest kaup á tuttugu nýjum strætisvögnum af gerðinni Crossway LE frá Iveco Bus. Söluaðilinn er BL og kaupverðið er 690 milljónir.

Helmingur vagnanna verður afhentur fyrsta desember og hinn helmingurinn í byrjun næsta árs.

Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir kaupin vera lið í reglubundinni endurnýjun á bílaflota Strætó. Vagnarnir séu nýrri, fullkomnari og tæknilegri en þeir gömlu að sögn Reynis. -ih

## LEIÐRÉTTING

Fasteignamat yfirmatsnefndar Þjóðskrár á tónlistarhúsinu Hörpu var í helgarblaðinu sagt vera 17 milljarðar króna. Rétt tala er 22 milljarðar.

# Verndartollar þrátt fyrir skort á kjötinu

**Þrettán svínabú á landinu sinna íslenskum markaði með svínakjöt. Framleiðsla þessara þrettán svínabúa er vernduð með tollum þrátt fyrir að eftirspurn íslenskra neytenda sé í sumum tilfellum ekki svarað.**

**NEYTENDUR** Árið 2013 var um 77 þúsund svínum slátrað á Íslandi. Sú framleiðsla dugði ekki til að anna eftirspurn neytenda eftir ákveðnum hlutum grísanna, svo sem grísahryggjum og svínasíðum, og þurfti að flytja inn um 440 tonn af svínakjöti. Þrátt fyrir þennan annmarka í innlendri framleiðslu þurfa kjötvinnslur og sláturleyfishafar sem flytja inn þessar afurðir, sem augljóslega er skortur á, að greiða himinháa tolla á þessum vörum.

Verndartollar á innfluttu kjöti eru hugsaðir til þess að vernda innlendan landbúnað. Hins vegar skýtur það skökku við að tollar séu greiddir af kjöti sem skortur er á í landinu og þegar innlendur landbúnaður getur ekki annað eftirspurn íslenskra neytenda.

Einnig hafa margoft heyrst mótbárur gegn verndartollum á svínakjöt þar sem hægt sé að fá ódýrara kjöt frá öðrum Evrópulöndum, neytendum til hagsbóta. Þar sem svínabændur séu þetta fáir skjóti skökku við að þeir njóti vafans en ekki neytandinn.

Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og viðskiptanefnd, er á þeirri skoðun að tollar eigi ekki að vera á kjöt sem sé ekki til á Íslandi. Hann segir grundvallarafstöðu sína vera þá að ef íslenskur landbúnaður eða iðnaður yfirhöfuð annar ekki innlendri eftirspurn þá eigi að flytja vöruna inn án þess að tolla hana upp í rjáfur. „Það hefur enginn Íslendingur drepist á ferðum sínum erlendis við það að borða svínakjöt," segir Vilhjálmur. Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, tekur í sama streng og segir þessa umræðu ekki nýja af nálinni. „Við höfum margítrekað bent á þessa hluti og gerum það aftur. Þetta hefur lengi verið baráttumál okkar," segir Andrés.

„Við erum þeirrar skoðunar að þegar innlend framleiðsla getur ekki annað eftirspurn eigi að flytja inn vöruna tollfrjálsa.."

Andrés bendir einnig á að sama öryggiskerfi sé á Íslandi og í löndum Evrópusambandsins. Kjöt sem framleitt er í þeim löndum uppfylli alla innlenda staðla. „Neytendur og kaupendur eiga að vera í vissu um það að vara sem er talin góð annars staðar í Evrópu er einnig nógu góð hér heima," segir Andrés.

Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er ósammála flokksbróður sínum og telur tollana vera til hagsbóta fyrir neytendur. „Við getum ekki gefið tollana bara frjálsa og leyft óheftan innflutning á svínakjöti. Þetta er alveg eins og við getum ekki leyft óheftan innflutning á blaðamönnum eða verkamönnum frá öðrum löndum Evrópu á því verði sem tíðkast þar. Ef það væri leyft þá færi ekki vel fyrir innlendum markaði," segir Haraldur. sveinn@frettabladid.is



**SVÍNARÆKT** Tollar eru lagðir á innflutt svínakjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ➜ Svínaræktarráðunautur ekki viss um gæði innflutts svínakjöts

Karvel L. Karvelsson, svínaræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir íslenska neytendur ekki geta verið vissa um gæði þess svínakjöts sem flutt er inn til landsins.

„Við sjáum á innflutningsskýrslum hvaðan kjötið kemur, en það er ekki þar með sagt að kjötið sé þaðan. Innflutningslandið segir aðeins til um hvaðan það kemur til Íslands. Við getum ekki verið viss um að það kjöt komi ekki frá löndum í Austur-Evrópu þar sem öryggisstaðlar eru með allt öðrum hætti en hér," segir Karvel.



**ÞRÍR FLOKKAR** Meirihlutann í bænum mynda flokkarnir Bein leið, Frjálst afl og Samfylkingin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nefndir í Reykjanesbæ:

## Framsókn ekki með fulltrúa

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Kristinn Þór Jakobsson, fulltrúi Framsóknar í bæjarráði Reykjanesbæjar, lagði fram þá tillögu á fundi bæjarráðs að Framsókn fengi launaða áheyrnarfulltrúa í nefndum á vegum bæjarins.

Tillögunni var hafnað og einnig þeirri tillögu að Framsókn fengi að hafa ólaunaða fulltrúa í nefndum.

„Nú kýs nýr meirihluti að ganga á bak kosningaloforða framboðanna sem hann mynda, um aukið íbúalýðræði, opnari og gagnsærri stjórnsýslu og aukin áhrif íbúa á nærumhverfi sitt," bókaði Kristinn. -nej

SÍ og Hagstofan vinna saman:

## Samstarf aukið í rannsóknum

**STJÓRNSÝSLA** Seðlabanki Íslands og Hagstofa Íslands skrifuðu undir samstarfssamning í gær á sviði rannsókna.

Markmiðið er að auka samstarf milli stofnananna. Starfsmenn Seðlabankans munu fá aðgang að gögnum Hagstofunnar auk vinnuaðstöðu.

Ólafur Hjálmarsson Hagstofustjóri segir samninginn vera álíka og rannsóknarsamningur sem gerður var við Háskóla Íslands. Ólafur bætir við að rannsóknir Seðlabankans á gögnum Hagstofunnar mun hafa það í för með sér að hægt verði að setja gögnin í víðara samhengi. -ih






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Friedrichshafen | 15° | New York | 32° |
| Aþena | 34° | Gautaborg | 26° | Orlando | 30° |
| Basel | 21° | Kaupmannahöfn | 26° | Ósló | 25° |
| Berlín | 28° | Las Palmas | 25° | París | 19° |
| Billund | 24° | London | 22° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 18° | Mallorca | 30° | Stokkhólmur | 25° |

**Á MORGUN**
Strekkingur SV-til um tíma, annars 5-10 m/s

**FIMMTUDAGUR**
5-10 m/s




**ÚRKOMUSAMT V-TIL** í vikunni. Rigning einkum um SV- og V-vert landið á morgun og fimmtudag, nokkuð bjart A-til á morgun. Milt í veðri, hiti 10-18 stig hlýjast NA-lands.



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 141931

# Við afgreiðum **allar vörur í síma 515 1100**

## Vegna brunans í Skeifunni 6. júlí verður verslun Rekstrarlands lokuð um óákveðinn tíma.



Sölu- og þjónustuborð Rekstrarlands er hinsvegar áfram opið alla virka daga frá kl. 8.00-17.00 og hægt er að afgreiða allar vörur af lager eins og áður. Vörur sem pantaðar eru gegnum þjónustuborð verða sendar til viðskiptavina.




**Við viljum benda viðskiptavinum á að Bambo-bleiurnar fást einnig í Víði og Fjarðarkaupum.**

**REKSTRARLAND**
– léttir þér lífið

Olís
Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Olíuverzlunar Íslands hf.

**www.rekstrarland.is**

Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

VERRA VEÐUR HEFÐI AUKIÐ SKAÐANN

## FJÖLDI FÓLKS SEM KOM AÐ BJÖRGUN

**200** slökkviliðsmenn

**25-30** lögreglumenn

**210** björgunarsveitarmenn

**12** bílar frá slökkviliðinu

**25** tæki og bílar frá björgunarsveitunum

**7** dælubílar



**SKEIFAN 11** Bensíntankur á svæðinu olli áhyggjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM




Hús sem sluppu við skemmdir. Húsnæði ónýtt. * Mikið skemmt.



**MIKIÐ TJÓN** Ritfangaverslunin Griffill er ein þeirra verslana sem fóru hvað verst í brunanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI



**22.200**
**TONN AF VATNI**
voru notuð við slökkvistarfið

**ÞAÐ JAFNGILDIR UM 29 SUNDHÖLLUM REYKJAVÍKUR**

*samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins

### FRAMKVÆMDASTJÓRA EKKI RÓTT ELDSNEYTISTANKUR Á SVÆÐINU



**BERGÞÓR GYLFASON**

„Við vorum farnir að finna mikinn hita inni í húsinu hjá okkur þannig að maður var orðinn pínulítið hræddur,“ segir Bergþór Karlsson, framkvæmdastjóri Bílaleigu Akureyrar.

Starfsfólk bílaleigunnar kom en færa þurfti bíla og hreinsa af þeim sót. „Við vorum að til sex í morgun.“

Eldsneytistankur stendur á lóðinni en engin raunveruleg hætta stafaði af honum. „Það hefði eitthvað mikið þurft að gerast,“ útskýrir Bergþór en slökkviliðsmenn vörðu tankinn vel engu að síður.

# Tólf tímum fyrr hefði allt brunnið

Tjón efnalaugarinnar Fannar vegna brunans í Skeifunni hleypur á hundruðum milljóna. Rannsókn lögreglu á eldsupptökum hefst í dag. Logn var þegar kviknaði í. Er það ásamt skjótum viðbrögðum ástæðan fyrir því að ekki fór verr. Tjörupappi orsakaði svarta reykskýið.

**Snærós Sindradóttir**
snaeros@frettabladid.is

**Nanna Elísa Jakobsdóttir**
nanna@frettabladid.is

Tækjabúnaður fyrir hundruð milljóna gjöreyðilagðist í brunanum í Skeifunni. Sem dæmi um verðmæti tækjanna má nefna að í efnalauginni Fönn voru þrjár strauvélar, samtals metnar á um níutíu milljónir.

Unnið var í Fönn til fjögur á sunnudag en tilkynning um eld barst klukkan 20.16 á sunnudagskvöld.

Mildi þykir að vind hafði lægt þegar eldsvoðinn varð.

„Við hefðum ekki viljað hafa þetta á laugardeginum þegar það var bálhvasst, það hefði verið mun verra. Það hefði margt getað gerst og við hefðum ekki getað varið þessar byggingar og nærliggjandi byggingar. Þegar hitageislunin er svona mikil þá er hætta á að það kvikni í nærliggjandi húsum,“ sagði Jón Friðrik Jóhannsson slökkviliðsmaður, sem stjórnaði aðgerðum á vettvangi í gær. Þykja slökkviliðsmenn hafa unnið mikið þrekvirki en þeim tókst að halda eldinum í skefjum. Allt húsið hefði getað brunnið en meira að segja var verslunin Víðir, sem er í húsinu, opin í gær.

„Það hjálpaði okkur að reykurinn stóð beint upp í loftið,“ sagði Birgir Finnsson aðstoðarslökkviliðsstjóri. „Menn hafa verið að lenda í brunum þar sem vindur hefur þau áhrif að eldur berst á milli húsa.“

Reykurinn sem steig upp úr eldhafinu fór ekki fram hjá íbúum á höfuðborgarsvæðinu og sást raunar alla leið til Akraness. Ástæðan fyrir því að reykurinn steig svo hátt til himins er að gríðarlega mikill eldsmatur var í húsinu.

Bækur í tonnatali fuðruðu upp í ritfangaversluninni Griffli. Nú þegar hafa forsvarsmenn Griffils haft samband við bókaútgáfuna Forlagið svo hægt sé að senda námsbækur í endurprentun.

Jón Friðrik segir einnig þá staðreynd að fatahreinsun brann hafa haft mikið að segja um reykjarmagnið.

Svarta reykskýið myndaðist vegna þess hve mikil orka var í brunanum og hvers konar efni brunnu. Í þaki hússins var tjörupappi sem bráðnar og verður að olíukenndu efni og auk þess var mikið af plasti í húsinu sem og öðrum sterkum efnum.

Lögregla, slökkvilið og fulltrúar tryggingafélaga hittust síðdegis í gær og ræddu framhaldið og fengu tryggingafélög aðgang að hluta af svæðinu til þess að hefja hreinsunarvinnu og tjónsmat.

> **Það hjálpaði okkur að reykurinn stóð beint upp í loftið.**
> *Birgir Finnsson aðstoðarslökkviliðsstjóri*

Lögreglan hefur rannsókn sína á eldsupptökum klukkan tíu í dag. Of mikill hiti var í húsunum í gær til að hægt væri að hefja rannsókn. Rannsóknin mun taka nokkra daga.



# LOKADAGUR FÖSTUDAGINN 11. JÚLÍ

TOPTUL®

TILBOÐ





+

7 SKÚFFUR

## SÁ VINSÆLI

**323 verkfæri** **179.900 m/vsk**





8 SKÚFFUR

## PRO PLUS SERIA

**322 verkfæri** **239.900 m/vsk**



## SKRÚFSTYKKI 6”

6” skrúfstykki með
snúningi 180°.
6” Opnun

vnr IBTDJAC0106

**16.900** m/vsk
Fullt verð 26.735



TILBOÐ

## SKÓTÖNG 6 STK

Krumputöng
**5 Kjaftar fylgja með**

vnr IBTGAAI0605

**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.902



### SKRALLSETT



**11.900** m/vsk

### TOPPLYKLASETT



**3.900** m/vsk

### TOPPLYKLASETT



**5.900** m/vsk

### SEXKANTSETT



**3.900** m/vsk

## TOPP,- OG BITASETT 72 STK

Toppar 1/4” 4 - 14 mm
Djúpir toppar, bitatoppar
Sexkantasett og fl.
Sterk stáltaska

vnr IBTGCAD7202

LÆKKAÐ VERÐ

**9.900** m/vsk
Fullt verð 18.231



## TOPP,- OG BITASETT 51 STK

Bitar og toppar
1/4” hex - 4 - 14mm
Sexkantsett fylgir

vnr IBTGCAI5102

**5.900** m/vsk
Fullt verð 10.000



## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4” - 1/2” 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**22.900** m/vsk
Fullt verð 37.200



## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4” - 3/8” - 1/2”
Toppar 4 - 32 mm | 5/32” - 1 1/4”
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**24.900** m/vsk
Fullt verð 37.900



## VERKFÆRASETT 97 STK

Toppar 1/4” - 1/2” 4 - 27 mm
Skrúfjárn, tangir,
skiptilykill, sexkantsett
og fl.

vnr IBTGCAI9701

**19.900** m/vsk
Fullt verð 36.437



## SKRALLLYKLASETT 12 STK

Sterkur taupoki
72 tanna Pro lyklar
Stærðir 8 - 19mm

vnr IBTGPAQ1202

**16.900** m/vsk
Fullt verð 25.000




**www.sindri.is / sími 575 0000**

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður










Tígulvefari, fetar og birkikembur herja á birki og fleiri trjátegundir:

# Birkikemba komin til Akureyrar

**DÝRALÍF** „Birkikemba, tígulvefari og fetar eru nú að púpa sig, svo það ættu að fara að koma græn lauf á birkið á ný," segir Halldór Sverrisson hjá Skógrækt ríkisins.

Tígulvefari vefur saman laufblöð birkitrjánna og býr sér til lítil hús, svo éta lirfurnar blöðin.

Haustfeti er ein þeirra fiðrildategunda sem spilla trjágróðri í görðum. Grænar lirfur hans má finna á trjánum fyrri hluta sumars. Þær éta laufblöð margra trjátegunda en reyniviður, birki og víðitegundir eru ofarlega á vinsældalistanum.

Af þessum þremur skaðvöldum sem herja á birki hefur birkikemban verið harðsnúnust í ár. Víða í görðum á höfuðborgarsvæðinu er birkið með brún blöð og heldur óhrjálegt.

Haustfetinn hefur víða herjað á gljámispil í görðum í sumar og er gljámispillinn víða illa farinn.

Birkikemba fannst í Varmahlíð í Skagafirði síðasta sumar og fyrir nokkrum dögum fannst hún á Akureyri. -jme



**SKAÐVALDAR** Birkikemba hefur valdið usla í görðum suðvestanlands í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERLING

# Kirkjan bjargar skuld við Þorláksbúðarsmið

Yfir 11 milljóna króna skuld Þorláksbúðarfélagsins við smið verkefnisins er greidd með styrk og láni úr Kirkjumálasjóði. Styrktaraðilar kipptu að sér hendinni vegna gagnrýni á Þorláksbúð sem sögð er of nálægt Skálholtskirkju og sögulega röng.

**FJÁRMÁL** „Við vorum bara alveg lens – við gátum ekkert gert," segir Árni Johnsen, einn forsvarsmanna Þorláksbúðarfélagsins sem nú hefur fengið um 10,3 milljónir króna að láni og eina milljón í styrk frá Kirkjuráði til að gera upp við smið Þorláksbúðar.

Félag áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar í Skálholti skuldaði yfirsmið verkefnisins, Gunnari Bjarnasyni, um 11,3 milljónir króna fyrir vinnu og efni.

„Þetta var mikill áfangi að ná þessu. Að gera upp við Gunnar. Það var aðalskuldin," segir Árni sem kveður upphaflega kostnaðaráætlun hafa verið 38 milljónir króna. Endanlegur kostnaður verði hins vegar um 30 milljónir. Með peningunum úr Kirkjumálasjóði sé nánast allt verkefnið uppgreitt.

Áætlanir um fjármögnun Þorláksbúðar fóru út um þúfur eftir harða gagnrýni á sögulegar forsendur smíðinnar og staðsetningu búðarinnar nærri Skálholtskirkju.

„Fólk vildi ekki hafa húsið á þessum stað. Þorláksbúðarmenn segja það hafa gert að verkum að þeir sem voru búnir að lofa að leggja í verkefnið fjármuni kipptu að sér höndum," segir Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs.

Kirkjan hefur að sögn Ragnhildar ekki lagt fé áður til Þorláksbúðar. Áðurnefnt 10,3 milljóna króna lán á Þorláksbúðarfélagið að endurgreiða með vöxtum á fimm árum. „Það er gert ráð fyrir að þeir muni standa skil á því," segir Ragnhildur sem kveðst telja að úr rætist hjá félaginu þegar neikvæð umræða um verkefnið dofni. „Fólk er bjartsýnt á að hægt verði að finna einhverja til að leggja peninga í verkefnið og seinna meir er hugsanlega hægt að leita til ríkisins með einhverja styrki."



**ÞORLÁKSBÚÐ** Yfirsmiðurinn vann og lagði út fyrir efni en fékk ekki greitt frá Þorláksbúðarfélaginu sem réð hann til verksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RAGNHILDUR BENEDIKTSDÓTTIR**

Árni segist vona að málið sé allt komið í góðan farveg nú þegar kirkjan sé „með í dæminu" og vinni með Þorláksbúðarfélaginu. Róðurinn hafi þó vissulega verið þungur. „Þegar verið er að ráðast á menn sem eru að vinna svona áhugastarf og uppbyggingarstarf þá geta þeir ekkert hreyft sig á meðan fjóspúkarnir eru á bitanum. En það eru alltaf möguleikar og við tökum þetta í rólegheitunum."

Að sögn Árna hefur Þorláksbúð reynst „algjör gullmoli" og Ragnhildur segir mannvirkið mikla listasmíð sem hafi mikið aðdráttarafl. „Ef maður dvelur dagpart í Skálholti sér maður að flestir útlendingur sem þar koma skoða Þorláksbúð."



> **Þegar verið er að ráðast á menn sem eru að vinna svona áhugastarf og uppbyggingarstarf þá geta þeir ekkert hreyft sig á meðan fjóspúkarnir eru á bitanum.**
> *Árni Johnsen.*

gar@frettabladid.is

Matvælastofnun fylgist með að svínabændur fari að dýraverndunarlögum:

# Svínabændur ráða dýralækna

**LANDBÚNAÐUR** „Stóru svínabúin hafa ráðið dýralækna til að gelda grísi með deyfingu," segir Auður Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun.

Ný lög um dýravernd tóku gildi um síðustu áramót og samkvæmt þeim er bannað að gelda grísi án deyfingar. Svínabændur hunsuðu ákvæði laganna. Það var ekki fyrr en RÚV birti fréttir af málinu að yfirvöld ákváðu að aðhafast eitthvað. Matvælastofnun gaf svínaræktendum frest til 10. júní til að skila áætlun um hvernig þeir hygðust hætta ólöglegum geldingum á grísum.

Sextán stór svínabú eru á landinu og auk þess eru nokkrir bændur sem ala nokkur svín. Auður segir að Matvælastofnun komi til með að fylgjast með því að svínabændur fari að lögum. Fulltrúar stofnunarinnar komi til með að heimsækja búin og sinna reglubundnu eftirliti.

„Nú eiga öll búin að láta gelda grísi með deyfingu. Það eru engar undantekningar frá þeirri reglu," segir Auður. -jme



**ENGAR UNDANTEKNINGAR** Matvælastofnun ætlar að fylgjast með að svínabændur fari að lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**PALESTÍNUMAÐUR SYRGÐUR** Átta manns fórust í loftárás. NORDICPHOTOS/AFP

Spennan magnast eftir að táningur var myrtur:

# Hamas hyggur á hefndaraðgerðir

**ÍSRAEL** Spennan hefur magnast undanfarna daga í deilu Palestínumanna og Ísraelsmanna síðan sextán ára gamall drengur var brenndur lifandi í síðustu viku.

Hamas-liðar lofuðu í gær að hefna fyrir loftárásir ísraelskra hersins á fjórtán skotmörk í Palestínu þar sem að minnsta kosti átta manns létust.

Þar af létust fimm þegar flugskeyti hæfði neðanjarðargöng sem liggja undir landamærin til Egyptalands nálægt bænum Rafah á Gaza.

Loftárásirnar voru hefndaraðgerðir vegna þess að palestínskir skæruliðar hafa skotið að minnsta kosti 39 eldflaugum yfir landamærin til Suður-Ísraels.

Þrír Ísraelsmenn hafa játað morðið á palestínska drengnum í síðustu viku ef marka má heimildir Al Jazeera. Morðið er talið hafa verið hefndaraðgerð fyrir morð á þrem ísraelskum ungmennum. -ih





PIPAR\TBWA • SÍA • 141879

jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind




ENNEMM / SÍA / NM63499

RENAULT QUALITY MADE

**RENAULT ATVINNUBÍLAR LANGVINSÆLASTIR Í EVRÓPU**

Renault sendibílar eru mest seldu sendibílarnir á Íslandi. Spurðu fagmann og hann segir þér umbúðalaust af hverju. Þeir eru á góðu verði, eyðslugrannir og áreiðanlegir. Einnig einstaklega þægilegir í akstri og umgengni, vel búnir og góðir í endursölu. VELDU ÖRUGGAN VINNUSTAÐ.

**RENAULT MASTER, DÍSIL**

Verð frá: **4.294.000** kr. án vsk.
5.390.000 kr. m. vsk.

**2,3 dísil, 125 hestöfl, burðargeta allt að 1600 kg.**
**Eyðsla 7,8 l/100 km.***

RENAULT
www.renault.is

*Miðað við uppgefnar eyðslutölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

B|L **BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar** Reykjanesbæ www.bilahusid.is 420 0400
**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622
**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533
**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

# SKOÐUN

Stór hluti af beikoninu er innfluttur:

## Útlent beikon sem engan drepur

Fréttablaðið birti í gær enn eina staðfestingu þess að innflutningur á kjöti er orðinn umtalsverður vegna þess að innlendir framleiðendur anna ekki eftirspurn. Stór hluti beikons í verzlunum er unninn úr innfluttu svínakjöti. Neytendur standa hins vegar sjálfsagt margir í þeirri trú að þeir séu að kaupa íslenzkt beikon, enda er innflutta beikonið sjaldnast merkt sem slíkt og í búvörugeiranum er þessi innflutningur feimnismál, sem erfitt er að fá menn til að tala um.

Kjötinnflutningurinn er hins vegar staðreynd. Afurðastöðvar flytja inn kjúkling, nautakjöt og svínakjöt í stórum stíl.

Að sumu leyti er þetta afskaplega jákvætt. Það er búið að prédika yfir neytendum áratugum saman að íslenzkar búvörur séu allar með tölu miklu hollari og heilnæmari en þær útlendu og það geti beinlínis verið hættulegt að leyfa innflutning á erlendum landbúnaðarvörum í stórum stíl. Þann fyrirlestur fengum við síðast frá þingflokksformanni Framsóknarflokksins, sem hafði áhyggjur af að langlífi þjóðarinnar væri í hættu stefnt ef innflutningur á fersku kjöti yrði leyfður. Nú liggur fyrir að þeir sem stýra afurðastöðvum í landbúnaði hafa engar áhyggjur af gæðum útlenda kjötsins og kynna það jafnvel sem íslenzkt. Þá getum við hin væntanlega líka hætt að hafa áhyggjur af þeim þætti málsins.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Hins vegar sýnir þetta okkur að ræðan um að ofurtollar og aðrar innflutningshindranir séu nauðsynlegar til að vernda innlenda landbúnaðarframleiðslu fyrir samkeppni og tryggja þannig matvælaöryggi á ekki lengur við rök að styðjast. Ef skyndilega yrði skrúfað fyrir aðföng til landsins, til dæmis vegna styrjaldar eða drepsóttar í viðskiptalöndunum (sem er kannski ögn langsóttur möguleiki), væri Ísland bara alls ekki sjálfu sér nægt um kjöt.

Það er líka ókurteisi við neytendur að segja þeim ekki hvar varan sem þeim er boðið upp á er framleidd. Fyrir suma eru það upplýsingar sem skipta miklu máli. Sumir kjósa sjálfsagt íslenzku vöruna frekar, aðrir geta verið þeirrar skoðunar að danskt beikon sé það bezta í heimi og viljað það umfram annað, svo dæmi sé tekið.

Þetta ástand á kjötmarkaðnum hlýtur að ýta á eftir stjórnmálamönnunum að gera breytingar á samkeppnisumhverfinu í landbúnaði og lækka tolla á innfluttum búvörum. Þegar innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn neytenda og innflutningur er nauðsyn, er fáránlegt að gera hann svo dýran með háum tollum að neytendur séu jafnvel verr settir.

Kjarni málsins er þessi: Íslenzk búvara er vissulega í flestum tilvikum gæðaframleiðsla sem stenzt kröfur neytenda. Við erum hins vegar ekki eina landið í heiminum sem framleiðir slíka gæðavöru. Margir framleiðendur gera jafnvel og þeir íslenzku, eða jafnvel betur. Það er sjálfsagt að innflutningur á búvörum sé sem frjálsastur og svo sé neytendum einfaldlega treyst til að velja.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sjúkdómahættan í kjötinu

Sigrún Magnúsdóttir, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, hélt í gær áfram vörn sinni gegn frjálslyndi og framförum í íslenskri verslun í grein í Morgunblaðinu. Hún hafði áður tjáð sig við kvöldfréttir Stöðvar 2 þar sem hún sagði óráðlegt að leyfa neytendum að dæma um hvort þeir vilji frekar borða innflutt kjöt en erlent, standa eigi vörð um íslenska gæðavöru. Í grein sinni í gær sagðist Sigrún óttast sjúkdómahættu af óheftum innflutningi á hráu kjöti frá útlöndum sem sprautað sé meðal annars með hormónum. Sigrún bætir því við að hún hafi í gegnum tíðina lagst gegn sölu áfengis í matvöruverslunum og sé enn sömu skoðunar. Þar að auki veltir hún vöngum yfir hvaða áhrif lausasölulyf í almennum hillum stórmarkaða myndu hafa.



### Frjálslyndishræðsla Framsóknar

Sigrún byggir hræðslu sína við innflutning á „hráu“ kjöti (merkilegt hvað innfluttar afurðir eru alltaf hráar en íslenskur útflutningur er alltaf sagður „ferskur“) á sjúkdómahræðslu, en hún tekur fram að dæmi um búfjársjúkdóma erlendis hræði. Hún hins vegar ákveður að rökstyðja hræðslu sína við breytingu á áfengissölu og lausasölu lyfja ekki hót. Kannski er það bara hin hefðbundna frjálslyndishræðsla Framsóknar sem veldur.



### Leiðrétting

Í þessum dálki var ranglega haft eftir varaborgarfulltrúanum Hildi Sverrisdóttur í gær. Þar kom fram að Hildur hefði sagt að í fyllingu tímans, meðfram því sem konum fjölgi í lögreglunni, muni þær á endanum gegna öllum yfirmannsstöðum innan lögreglunnar. Hið rétta er að Hildur sagði að þar sem konur eru færri innan lögreglunnar muni þær taka öll þessi störf þegar þær hafa náð jafn mikilli reynslu og karlarnir, sem þær hafa ekki í dag. Ástæðan sé sú að samkvæmt lögum ber að ráða það kyn sem hallar á ef umsækjendur teljast jafn hæfir.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Akureyri er góður valkostur

STJÓRNSÝSLA



**Guðmundur B. Guðmundsson**
formaður bæjarráðs Akureyrar

Ákvörðun stjórnvalda um að staðsetja höfuðstöðvar Fiskistofu á Akureyri er fagnaðarefni. Með henni er Akureyri viðurkennd sem mikilvægur valkostur við höfuðborgarsvæðið fyrir staðsetningu á stjórnsýslustarfsemi. Samstaða ríkir um það á Akureyri að styðja vel við bakið á Fiskistofu þegar hún verður komin í bæinn og áhersla lögð á að vel takist til við uppbyggingu hennar. Þá verður öllum liðsinnt sem kjósa eða vilja kanna þann kost að fylgja stofnuninni á nýja starfsstöð.

Fiskistofa er gott dæmi um stofnun sem á vel heima á Akureyri þar sem bærinn á langa útgerðarsögu og er jafnframt eini staðurinn á landinu þar sem sjávarútvegsfræði hefur verið kennd á háskólastigi í áratugi. Það má því segja að á Akureyri séu kjöraðstæður fyrir höfuðstöðvar Fiskistofu. Og þetta er gagnkvæmt því tilkoma Fiskistofu mun hafa jákvæð áhrif á Háskólann á Akureyri og starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja sem og samfélagið allt.

Fjölgun sérhæfðra opinberra starfa á Akureyri eykur líka við þá fjölbreytni starfa sem er nú þegar innan bæjarins. Frekari fjölbreytni í störfum styður við fjölgun íbúa og að fólk sem vill búa á Akureyri finni sér störf við hæfi. Það er því full ástæða fyrir Akureyri að sækja fram með fjölgun opinberra starfa og frekari uppbyggingu atvinnulífs enda næg tækifæri til staðar. Ef vel tekst til í þessum efnum og með auknum umsvifum gæti orðið meiri fjölgun á Akureyri en við höfum séð hin síðari ár. Það er mikilvægt fyrir Akureyri að höfuðstöðvar stofnana séu þar staðsettar en ekki aðeins útibú því þegar skórinn kreppir að í opinberum fjármálum ríkir nefnilega tilhneiging til að leggja niður útibú.

**➜ Það er mikilvægt fyrir Akureyri að höfuðstöðvar stofnana séu þar staðsettar en ekki aðeins útibú því þegar skórinn kreppir að í opinberum fjármálum ríkir nefnilega tilhneiging til að leggja niður útibú.**

Stjórnkerfi okkar er ekki höggið í stein og þær áherslur sem þar birtast munu alltaf taka breytingum í samræmi við strauma og stefnur í samfélaginu hverju sinni. Við skulum því hafa í huga að þó að áherslan hafi hingað til verið á að byggja upp stjórnsýsluna á höfuðborgarsvæðinu þá er það ekki lögmál. Við eigum að leggja áherslu á að lykilstofnanir samfélags okkar séu byggðar upp á þeim stöðum sem best henta fyrir starfsemi þeirra. Í tilfelli Fiskistofu er ljóst að Akureyri er ákjósanlegasti staðurinn á landinu fyrir starfsemi hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Matur og mígreni



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

> Sá sem fær mígrenikast er að vissu leyti úr leik í ákveðinn tíma og er því mikilvægt að reyna að sporna við því að fá þau.

Mígreni er sjúkdómur sem leggst með mismunandi þunga á einstaklinga, frekar konur en karla, tíðni kasta er mismunandi sem og tímalengd, sem aftur hefur áhrif á það hversu veikur viðkomandi verður. Kjarnaeinkenni er mikill höfuðverkur sem er oftast á sama stað í höfðinu (verkurinn minn) og honum fylgja mismikil ógleði, uppköst, svimi, ljós og hljóðfælni. Sá sem fær mígrenikast er að vissu leyti úr leik í ákveðinn tíma og er því mikilvægt að reyna að sporna við því að fá þau.

Þeir sem eru með mígreni verða með tímanum sannkallaðir meistarar í að þekkja sinn sjúkdóm og sumir hafa eytt miklum tíma í að átta sig á því hvers vegna þeir fá þessi hræðilegu verkjaköst. Það getur verið mikil vinna að kortleggja það, en sem betur fer er mikið vitað um það hver getur verið útleysandi ástæða fyrir slíku í dag. Þar má nefna þætti eins og lítinn eða lélegan svefn, streitu og álag, veikindi, breytingar í tíðahring kvenna, erfðir og umhverfisþætti hvers konar, lyf og fleira. En enn er langt í land að við getum komið fyllilega í veg fyrir sjúkdómseinkennin og byggir það að hluta á því að okkur skortir frekari þekkingu á því hvað veldur þeim.

### Viðbrögð við fæðu

Því hefur lengi verið haldið fram að ákveðnar fæðutegundir kalli fram mígreniköst, matur fellur þannig undir svokallaða „triggera“ sem er þekkt fyrirbrigði í þessu samhengi. Hins vegar eru viðbrögð einstaklinga mismunandi og svara ekki allir því sama. Þessi vísindi hafa því verið frekar ónákvæm og reyndar hefur það verið svo að sjúklingar áttu að halda dagbók yfir þær fæðutegundir sem taldar voru falla undir þennan flokk og reyna svo að átta sig á því hvað þeim bæri að forðast að innbyrða.

Nokkrar vinsælar fæðutegundir hafa verið lengi ásakaðar um þetta, eins og þær sem innihalda amínósýruna týramín (rauðvín, kæstir ostar, reyktur fiskur, baunir o.fl.). Einnig hefur MSG, nítrötum sem eru í pylsum, súkkulaði, lauk, banönum, lárperum, mjólkurvörum, hnetum og svo mætti lengi telja verið kennt um þetta í áranna rás.

Fyrir nokkru var birt ritrýnd grein í virtu vísindatímariti þar sem gerð var tvíblind rannsókn á mótefnum gegn fæðutegundum og viðbrögðum sjúklinga með þekkt mígreni án áru og hvernig þeir brugðust við ákveðnum triggerum og þau viðbrögð kortlögð. Markmiðið með þeirri rannsókn var að reyna að átta sig betur á því hvort þeir sem sneiddu hjá fæðu sem innihélt efni sem einstaklingurinn hafði verið skilgreindur með hækkað mótefnasvar við myndu síður fá mígreniköst.

Slík var raunin og var með þessu móti staðfest á vísindalegan hátt að ákveðnar fæðutegundir sem einstaklingur taldi sig þola illa og jafnvel var farinn að forðast á grundvelli reynslu voru mögulega einhvers konar óþol eða jafnvel ofnæmisviðbrögð. Í rannsókninni voru mæld 266 mótefni sem er nóg til að æra óstöðugan. Ég þekki ekki svo gjörla fjölda þeirra fæðutegunda sem eru prófaðar hér í svokölluðu RAST-prófi sem er slík blóðrannsókn eða í húðprófi en ég er viss um að hann nær ekki þessum fjölda.

Þannig má mögulega segja að mígrenisjúkdómur og þá mígreniköst séu tengjast fæðuinntöku séu mögulega vegna ofnæmisviðbragða og að ofnæmispróf ættu hugsanlega að vera hluti af greinandi og forvarnandi meðferð mígrenisjúklinga til viðbótar við almennar ráðleggingar varðandi hegðun og umhverfisþætti sem ýta undir verkjaköstin.

# Mikilvægt er að þakka fyrir vel unnin verk



SAMFÉLAG
Ellen Calmon
formaður ÖBÍ

> Markmið verðlaunanna er að skapa jákvæða ímynd fyrir fatlað fólk og vekja athygli á þeim sem þykja hafa skarað fram úr og endurspeglað nútímalegar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu.

Öryrkjabandalag Íslands kom á laggirnar Hvatningarverðlaunum ÖBÍ, árið 2007. Markmið verðlaunanna er að skapa jákvæða ímynd fyrir fatlað fólk og vekja athygli á þeim sem þykja hafa skarað fram úr og endurspeglað nútímalegar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Þá er verðlaununum ekki síst ætlað að vekja athygli á þeim aðilum eða verkefnum sem stuðla að því að íslenskt samfélag verði raunverulega samfélag fyrir alla.

Eru verðlaunin veitt í þremur flokkum, það er í flokki einstaklinga, fyrirtækja/stofnana og í flokki umfjöllunar/kynningar. Tilnefningar í hverjum flokki eru þrjár talsins. Verðlaununum er ætlað að vera öðrum hvatning til að stuðla að samfélagi fyrir alla ásamt því að efla frumkvæði til nýrra verkefna og hugmyndavinnu í málaflokknum. Fjöldi tilnefninga hefur aukist frá ári til árs og vitund um verðlaunin hefur eflst, en kallað er eftir tilnefningum frá almenningi. Gaman er að geta þess að í einstaklingsflokki hafa Freyja Haraldsdóttir, Guðjón Sigurðsson, Edda Heiðrún Backman og Harpa Dísa Harðardóttir hlotið verðlaunin svo fáeinir séu nefndir.

Verðlaunaafhending fer fram þann 3. desember næstkomandi á alþjóðadegi fatlaðs fólks og er forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, verndari verðlaunanna.

### Jákvæðar fyrirmyndir

Ég tel mikilvægt að þakka fólki fyrir vel unnin verk og með þessu móti getum við unnið sameiginlega að því að varpa ljósi á þær jákvæðu fyrirmyndir sem stuðla að einu samfélagi fyrir alla. Því vil ég hvetja þig, lesandi góður, til að taka þér stund og velta því fyrir þér hver hefur skarað fram úr á þessu sviði og senda inn tilnefningu til Hvatningarverðlauna Öryrkjabandalags Íslands fyrir 15. september næstkomandi.

Tilnefningar má senda um rafrænt eyðublað á heimasíðu ÖBÍ, http://www.obi.is/um-obi/hvatningarverdlaunOBI/tilnefningar-2014eydublad/. Einnig má senda tilnefningu í bréfpósti.

Vörpum ljósi á jákvæðar fyrirmyndir sem stuðla að einu samfélagi fyrir alla.


GÓÐIR, NÝLEGIR & TRAUSTIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI



Audi A1 Attraction 1.4 TFSI
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 41.500 km
sjálfskiptur
Ásett verð 3.290.000



Audi A4 2.0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 26.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.390.000



Audi A5 2.0 TFSI quattro
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.750.000



VW Touareg V6 TDI 245 hö
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 31.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 9.890.000



MM Pajero 3.2 Intense
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 38.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.290.000



VW Passat Highline EcoFuel
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 56.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.990.000



VW Polo 1.4 Comfortl. AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 45.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.420.000



VW Tiguan Track&Style
2.0 TDI. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 42.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 5.890.000



VW Passat Alltrack 4Motion
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 26.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000



Skoda Rapid 1.2 TSI
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 27.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.840.000

Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Komdu og skoðaðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18




| Golf Comfortline 1.4 TSI sjálfskiptur | 3.850.000 kr. |
|---|---|

**Aukalega í afmælisútgáfu**
- 17" Dijon felgur með sportfjöðrun
- Skyggðar rúður
- Sportsæti
- R-Line útlit
- Xenon ljós með LED dagljósum
- Panoramic sóllúga

| | |
|---|---|
| **Afmælisbíll með aukabúnaði** | **4.735.000 kr.** |
| **Tilboðsverð** | **4.120.000 kr.** |

| Golf Highline 1.4 TSI sjálfskiptur | 4.190.000 kr. |
|---|---|

**Aukalega í afmælisútgáfu**
- 17" Dijon felgur með sportfjöðrun
- Skyggðar rúður
- R-Line útlit
- R-Line innrétting
- Xenon ljós með LED dagljósum

| | |
|---|---|
| **Afmælisbíll með aukabúnaði** | **4.965.000 kr.** |
| **Tilboðsverð** | **4.360.000 kr.** |

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




VW Golf Comfortline 1.4 TSI
á afmælistilboði:

**4.120.000 kr.**

Þú sparar 615.000 kr.

Í tilefni af 40 ára afmæli VW Golf bjóðum við nokkra sérútbúna Comfortline og Highline bíla á einstöku tilboðsverði. Komdu og tryggðu þér einn pakkaðan af afmælisdóti, tilbúinn á götuna.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR OF THE YEAR

Das Auto.

# Fjármagnshöftin – vernd eða vá?

Afnám fjármagnshafta er mikilvægasta verkefnið sem íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir í dag. Verkefnið er ekki einfalt og afnámi hafta mun óhjákvæmilega fylgja óvissa, sér í lagi hvað varðar þróun gengis og verðlags. Það auðveldar hins vegar verkið að aðstæður til afnáms þeirra eru eins hagstæðar og kostur er á. Efnahagslífið er í ágætu jafnvægi, verðbólga lág, hagvöxtur tekinn að aukast á nýjan leik og traust á íslenska hagkerfinu fer vaxandi.

FJÁRMAGNSHÖFTIN



**Þorsteinn Víglundsson**
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

**➜ Allar líkur eru á að höftin auki mjög innlenda þenslu og valdi umtalsverðum verðbólguþrýstingi á næstu árum.**

Ekki er sjálfgefið að þessar aðstæður verði viðvarandi. Höftin stuðla að rangri verðlagningu krónunnar sem og allra helstu eignamarkaða. Því er veruleg hætta á að hagkerfið ofhitni innan hafta. Stærsta efnahagslega áhætta Íslendinga felst ekki í afnámi hafta heldur í hættunni á að búa við þau um ókomna tíð. Fjármagnshöftin eru stærsta ógnin við efnahagslegan stöðugleika hér á landi. Afnám þeirra er því nauðsynleg forsenda heilbrigðs og stöðugs efnahagslífs og batnandi lífskjara hér á landi.

Í nóvember verða sex ár liðin frá því að fjármagnshöftum var komið á til bráðabirgða til að stemma stigu við gjaldeyrisskorti og miklu gengisfalli íslensku krónunnar. Þrátt fyrir að höftin hafi átt að vera tímabundin og falla úr gildi að tveimur árum liðnum bólar enn ekkert á afnámi þeirra. Óttinn við gengislækkun og meðfylgjandi verðbólgu virðist skýra aðgerðaleysi stjórnvalda.

**Skaðleg áhrif**

Mikið hefur verið rætt um áhættu sem í afnámi getur falist, en minna um óhjákvæmileg skaðleg áhrif fjármagnshafta á efnahagslífið til lengri tíma. Allar líkur eru á að höftin auki mjög innlenda þenslu og valdi umtalsverðum verðbólguþrýstingi á næstu árum. Þá er ótalinn kostnaður hagkerfisins vegna glataðra fjárfestingartækifæra, minni nýliðunar fyrirtækja og brotthvarfs einhverra þeirra úr landi vegna óviðunandi rekstrarskilyrða innan hafta.

Á skömmum tíma hafa efnahagshorfur breyst úr brothættum viðsnúningi í öflugan hagvöxt á breiðum grunni. Einkaneysla hefur tekið við sér, fjárfesting fer vaxandi og útflutningsgreinar hafa styrkt stöðu sína, sér í lagi ferðaþjónustan. Eru nú horfur á 3-4% árlegum hagvexti eða jafnvel enn meiri á næstu þremur árum samkvæmt helstu spám.

Við upphaf þessa kröftuga hagvaxtarskeiðs eru mikilvægar hagstærðir óvenjulegar og geta ýtt undir ofþenslu. Peningamagn í umferð og eignir lífeyrissjóða hafa nær aldrei verið meiri sem hlutfall af landsframleiðslu. Þetta fjármagn er læst inni í fjármagnshöftum og getur einvörðungu leitað í innlenda fjárfestingarkosti. Nægum fjárfestingarkostum innanlands er ekki til að dreifa fyrir allt þetta fjármagn og það mun þrýsta eignaverði upp á komandi misserum.

**HEILDAREIGNIR LÍFEYRISSJÓÐA OG PENINGAMAGN Í UMFERÐ**

%, PRÓSENTA SEM HLUTFALL AF VLF




Það nægir að horfa til lífeyrissjóðanna í þessu samhengi. Á síðasta hagvaxtarskeiði innan fjármagnshafta, á árunum 1984 til 1987, voru heildareignir lífeyrissjóðanna um fimmtungur af landsframleiðslu. Nú nema eignir þeirra um einni og hálfri landsframleiðslu. Árleg fjárfestingaþörf sjóðanna er rúmir 130 milljarðar króna og fer vaxandi. Peningamagn í umferð nam um þriðjungi af landsframleiðslu árin 1984 til 1987 en er nú 90 prósent. Á undanförnum fimm árum hefur hið opinbera dregið talsvert af þessu mikla fjármagni til sín og vægi skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs og sveitarfélaga hefur liðlega tvöfaldast í eignasafni lífeyrissjóða á sex árum og nemur nær helmingi af eignasafni þeirra, eða 46 prósentum. Samhliða betra jafnvægi í rekstri hins opinbera er hins vegar ljóst að fjármögnunarþörf þess mun minnka til mikilla muna.

**Bólumyndun líkleg**

Hvert getur þetta fjármagn leitað án þess að valda mikilli hækkun eignaverðs þegar ekki er unnt að leita út fyrir landsteinana? Líklegt er að því muni fylgja bólumyndun á eignamörkuðum á komandi árum með tilheyrandi einkennum ofþenslu; mikilli aukningu einkaneyslu, auknum innflutningi og viðskiptahalla ásamt hækkandi raungengi. Í kjölfarið fylgir svo aukin verðbólga, gengisfall og efnahagskreppa.

Vert er að hafa í huga að framtíðarlífeyrir þjóðarinnar hvílir á þeirri forsendu að lífeyrissjóðir geti ávaxtað fé sitt með að lágmarki 3,5 prósenta raunávöxtun til langrar framtíðar. Innan fjármagnshafta er slík ávöxtunarforsenda ekki raunhæf og aðeins tímaspursmál hvenær lífeyrissjóðir þurfa að bregðast við með skerðingu lífeyrisréttinda, sjái ekki fyrir endann á fjármagnshöftum.

Ofþensla er allt of vel þekkt fyrirbæri í íslensku efnahagslífi. Því miður hefur efnahagsstjórnin jafnan verið slök í góðæri. Það sem gerir viðfangsefnið nú sérstaklega snúið er að þróunin mun að öllum líkindum verða mun hraðari en áður vegna þess mikla fjármagns sem hér er læst inni. Lykilforsenda þess að hægt verði að koma í veg fyrir ofhitnun hagkerfisins er hratt afnám fjármagnshafta. Efnahagsleg áhætta afnáms hafta er mun minni en hættan sem fylgir enn einni rússíbanareið íslensks efnahagslífs með kunnuglegri kollsteypu í lok ferðar.




# Knattspyrna og kristindómur

TRÚMÁL



**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Sjónvarpsnotendur á Íslandi hafa að undanförnu notið þess að fylgjast með útsendingum frá HM í knattspyrnu, sem fram fer í Brazilíu um þessar mundir. Þetta er okkur flestum mikil skemmtun, en einnig fróðleikur um allt það regluverk, sem umlykur íþróttina. Auk þess að vera heilbrigð og góð íþrótt hefur knattspyrnan einnig mikið uppeldisgildi í einbeitingu, sjálfsögun, drengilegri framkomu og ekki síst í því að læra að tapa með sæmd. Þess vegna stofnaði sr. Friðrik Friðriksson, á sinni tíð, tvö knattspyrnufélög og tengdi þau starfsemi KFUM bæði í Reykjavík og Hafnarfirði. Hann samdi einnig bókina Keppinautar, sem er holl lesning öllum er íþróttina stunda.

Margir keppendanna á HM eiga sér aðdáendur um allan heim. Þeir eru hetjur, sem unga fólkið dáir, tekur sem fyrirmyndir og hyllir í hug og athöfn. Eitt er þar áberandi, sem ekki er talað mikið um, en skiptir þessa ungu menn miklu máli. Mér virðist það einkum þeir, sem eru rómv.-kaþólskrar trúar. Þeir signa sig þegar þeir hlaupa inn á völlinn eða út af honum. Þegar þeir tengjast í hring til hópeflis úti á leikvellinum, rétt áður en barátta þeirra hefst, þá hef ég í eitt skipti séð ofan í hringinn. Þar var þá einn, jafnvel fyrirliðinn, sem kraup og lyfti höndum til himins. Þetta sýndi mér án efa sameiginlega bæn þeirra um að erfiði þeirra mætti bera árangur. Þegar mörk hafa verið skoruð er gjarnan lyft höndum eða a.m.k. einum fingri í hæðir frá manni sem tjáir Guði þakklæti sitt með gleðitárum.

Þetta hefur glatt mitt gamla hjarta og presturinn í mér hrópaði ósjálfrátt „bravó“, þegar samnefndur markmaður yfirgaf hópeflishringinn og signdi sig, er hann hljóp í átt að marki sínu til að verja það.

**Höfum þá að fyrirmynd**

Mér finnst þetta ekki síður eftirbreytni vert en snilld þeirra með knöttinn, a.m.k. fyrir okkur, sem höfum enga von um að ná þeim þar. Við skulum íhuga, að þarna eru menn á ferð sem vita, að til að ná árangri, þurfa þeir að leggja fram alla sína orku þær 90–120 mínútur sem leikurinn stendur, leggja sjálfa sig í hættu vegna meiðsla og svo margt annað sem ég þekki ekki. Kröfurnar sem gerðar eru til þeirra eru í raun ofurmannlegar. Og hvert leita þeir til þess að svara þessum kröfum? Þeir leita til hins yfirmannlega, til Guðs, skapara síns, hans sem allan kraft hefur á sínu valdi. Þannig tengja þeir saman starf sitt, áhugamál sitt, já, líf sitt allt og trúna sem þeim var ungum innrætt. Tæki þeirra til þess er bæn og lofgjörð. Og að þeir gefast ekki upp í þeirri viðleitni er mér enn ein sönnun þess, sem góður maður sagði eitt sinn um bænina, að menn hættu aldrei að leita í þessa miklu uppsprettu, af því þeir hefðu ætíð fundið þar lindir lifandi vatns.

HM er ekki lokið. Notum tímann til að virða fyrir okkur, hvernig þessir ungu snillingar vefa ófeimnir saman starf sitt, já, líf sitt og trú. Höfum þá að fyrirmynd að þessu leyti. Göngum til starfa okkar í trausti til hans, sem er okkar besti bróðir. Gleymum ekki að þakka honum þegar vel gengur – þegar við skorum á okkar vettvangi. Látum ekki signinguna gleymast. Morgunbæn er í dag ekki eins algeng okkar á meðal og kvöldbænin. En það getur nánast komið í stað hennar að signa sig í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda, þegar við göngum út til móts við áskoranir komandi dags.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LIST Í VIÐEY

**Heiðar Kári Rannversson leiðir göngu um útilistaverkin í Viðey í kvöld. Í Viðey er að finna ýmis verk, til dæmis Friðarsúlu Yoko Ono og verkið Áfanga eftir Richard Serra. Gangan hefst kl. 19.30 við Viðeyjarstofu. Leiðsögnin fer fram á íslensku og er ókeypis.**








## HUGAÐ AÐ HÚÐINNI

„Það er jafn mikilvægt að huga að því hvað við berum á húðina eins og hvað við borðum því húðin er jú stærsta líffærið okkar."

# HUGUM AÐ INNIHALDSEFNUM SNYRTIVARA

**GENGUR VEL KYNNIR** ***benecos****, lífrænar og 100% náttúrulegar snyrtivörur, án allra krabbameinsvaldandi parabena. Innihaldsefni í snyrtivörum hafa fundist í krabbameinsæxlum og því er mikilvægt sem aldrei fyrr að huga að því hvað við setjum á húðina til að viðhalda góðri heilsu.*

Hulda Hjálmarsdóttir greindist með bráðahvítblæði þegar hún var aðeins 15 ára og við tók erfið lyfjameðferð sem reyndist mjög krefjandi fyrir Huldu og fjölskyldu hennar. Það var því mikil gleði þegar í ljós kom á vormánuðum 16. aldursárs hennar að krabbameinsmeðferðin hafði gengið það vel að hún hefur verið laus við sjúkdóminn síðan.

Stuðningur fjölskyldu og vina er ómetanlegur við slíkar kringumstæður en ekki síst félagasamtaka á borð við Kraft sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, en Hulda er nú varaformaður þess. Á þessu ári gaf Kraftur út bókina Þegar foreldri fær krabbamein, þar sem fjallað er á hreinskilinn hátt um það verkefni að ala upp börn þegar glímt er við alvarleg veikindi.

„Í veikindum fer fólk að átta sig á mikilvægi heilsusamlegs mataræðis en það er einnig mikilvægt að huga að því hvað við berum á húðina því hún er jú stærsta líffærið okkar. Ég kynntist **benecos**-snyrtivörunum á þessu ári og vil hvetja allar konur til að huga vel að innihaldsefnum snyrtivara því þetta hefur allt áhrif. Svo kom verðið á benecos-vörunum mér svo skemmtilega á óvart, en það hafa allir efni á því að kaupa þessar vörur," segir Hulda.



***benecos****-snyrtivörurnar fást í Lyfju, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Garðsapóteki, Árbæjarapóteki, Fjarðarkaupum, Blómavali, Heilsuveri, Systrasamlaginu og víðar.*

## LÍFRÆNT VOTTAÐAR

**benecos**-snyrtivörurnar eru náttúrulegar, lífrænt vottaðar og án parabena. Þær hafa að geyma innihaldsefni sem styðja við náttúrulega eiginleika húðarinnar. Úr litríkri vörulínunni ættu allar konur að finna eitthvað við sitt hæfi. Veldu **benecos** og þú ljómar af heilbrigði.

***Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.***









**Á HVOLFI** Anna Margrét hefur í mörg ár látið taka myndir af sér standandi á höndum í hinum ýmsu löndum, borgum og á merkum stöðum. Þarna er hún í handstöðu á Esjunni.



**Á KRÍT** Í sumarfríi á Krít gekk Anna Margrét um í einu stærsta gili Evrópu.

# ÓLÉTT Á ESJUGÖNGU

**HREYFING** *Íþrótta- og lýðheilsufræðingurinn Anna Margrét Einarsdóttir setti sér það markmið að ganga 25 sinnum upp Esjuna á tveimur mánuðum.*

Ég er komin 25 vikur á leið núna en ég hætti að geta hlaupið fyrir um það bil einum og hálfum mánuði. Þá þurfti ég að finna mér eitthvað annað að gera og þar sem mér finnst gott að hafa eitthvert ákveðið markmið og mér finnst æðislegt að æfa úti þá ákvað ég að fara fjörutíu sinnum upp Esjuna á tveimur mánuðum. Manninum mínum fannst það fullmikið og þá setti ég markið á 25 ferðir fyrir 25. viku meðgöngunnar. Þegar ég fór tuttugustu og fimmtu ferðina á dögunum þá fannst mér hún svo auðveld að ég ákvað að setja mér nýtt markmið og taka fjörutíu ferðir fyrir fertugt en ég verð fertug þann 30. júlí næstkomandi,“ segir Anna Margrét Einarsdóttir, íþrótta- og lýðheilsufræðingur.

Anna Margrét hefur verið dugleg að leyfa fólki að fylgjast með ferðum sínum á Facebook. „Þegar ég var búin að fara nokkrar ferðir á Esjuna ætlaði ég að hætta að setja inn myndir en þá fékk ég svo sterk viðbrögð frá fólki að ég ákvað að halda áfram. Þegar ég fer á Esjuna hitti ég alltaf fólk sem segir að þetta sé svo hvetjandi hjá mér, að þau séu bara að þessu vegna minna áhrifa þannig að ég er búin að koma fullt af fólki til að ganga á Esjuna. Og svo eru alltaf einhverjir sem vilja spjalla og spyrja númer hvað þessi ferð sé hjá mér, þannig að þetta er bara gaman,“ segir Anna Margrét hress.

Hún hefur alltaf verið dugleg að hreyfa sig og haldið sér í góðu formi. „Það er allt í góðu að vera að klifra Esjuna ófrísk þar sem ég er í góðu formi. Ég er einkaþjálfari og er að þjálfa fólk og hreyfi mig með því. Svo hef ég verið í fimleikum í Gerplu í mörg ár. Ég er vön að vera 42 mínútur á leiðinni upp Esjuna en er núna tæpan klukkutíma þannig að ég er nú alveg að passa mig. Það hefur færst í aukana undanfarin ár að ófrískar konur séu duglegar að æfa. Það eru ellefu og fjórtán ár síðan ég var ófrísk síðast og þá voru ekki margar að hreyfa sig mikið. Ég finn ekki mikinn mun á mér núna og þá, ég held að ég sé jafnvel í betra formi núna, en ég viðurkenni það að ég kveið því smá að vera fertug og vera komin á steypirinn. Ég er að vísu enn á þægilegu tímabili meðgöngunnar en mér líður mjög vel.“

Anna Margrét er nýkomin heim frá Krít og var ekkert að slaka of mikið á þar. „Ég labbaði daglega og var í vatnaeróbikki í hótelsundlauginni. Svo gengum við um í einu stærsta gili Evrópu. Fararstjórarnir ætluðu fyrst ekki að hleypa mér með en ég sagði við þá að ég væri vön að ganga upp á fjöll, það endaði svo með því að ég var fyrst í gegn,“ segir Anna Margrét og hlær.



**Á TOPPNUM** Anna Margrét fór 25 sinnum upp á Esju á tveimur mánuðum. Hún er komin 25 vikur á leið. ADSENDAR MYNDIR


OptiBac probiotics
For travelling abroad

Er ferðalag í vændum?

Borðaðu það sem þig lystir á ferðalaginu með hjálp vinveittra meltingargerla!



Góð melting í ferðalaginu með „For travelling abroad” frá OptiBac Probiotic

Inniheldur vinveitta meltingargerla sem minnka verulega hættu á á hvers kyns meltingarvanda, svo sem niðurgangi, hægða tregðu og matareitrun.

www.facebook.com/optibaciceland

Þú færð Optibac probiotics í öllun helstu apótekum

Tupperware® for everyone 2014

TUPPERWARE LAGERSALAN

heldur áfram í Háholti 23, Mosfellsbæ alla virka daga til 31. júlí 2014

Mikið úrval af ferðavörum í útileguna.

40-60% afsláttur

Opið mánudaga-fimmtudaga
kl. 13:00-18:00 og föstudaga kl. 13:00-17:00.

Mirella ehf – Tupperware umboðið
Sími: 586 8050 Netfang: mirella@simnet.is

MICKEY THOMPSON® PERFORMANCE M/T TIRES & WHEELS

LAGERSALA

á Mickey Thompson jeppadekkjum í völdum stærðum

ALL BAJA MTZ RADIALS FEATURES POWERPLY TECHNOLOGY



Mickey Thompson dekkin hafa sannað sig á Íslandi!

Hið heimsþekkta merki Mickey Thompson hefur verið selt á íslandi í áratugi en dekkin hafa verið framleidd síðan árið 1963, Mickey Thompson er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

Nánari upplýsingar:
www.mtdekk.is
mtdekk@mtdekk.is
Sími: 773 4334


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# VÖRUBÍLAR &VINNUVÉLAR

ÞRIÐJUDAGUR 8. JÚLÍ 2014

**Kynningarblað**
Arion banki, Askja, Brimborg, Jötunn vélar, Klettur, Kraftur, Kraftvélar.


# Traust og þekkt vörumerki

**Fyrirtækið Klettur – sala og þjónusta ehf. er þekkt fyrir sérhæfða og metnaðarfulla þjónustu og úrval þekktra vörumerkja fyrir vörubíla og vinnuvélar. Þjónusta allan sólarhringinn veitir viðskiptavinum fyrirtækisins hámarksöryggi.**

Klettur – sala og þjónusta ehf. er sölu- og þjónustuaðili fyrir vörubíla og vinnuvélar hér á landi. Að sögn Bjarna Arnarsonar, sölustjóra Kletts, hefur góð þjónusta verið aðalsmerki fyrirtækisins alla tíð enda hefur Klettur á að skipa metnaðarfullum og sérhæfðum starfskrafti með áratuga reynslu. „Við bjóðum upp á mjög gott vöruúrval frá gæðaframleiðendum ásamt því að vera með eitt fullkomnasta verkstæði landsins. Einnig höfum við fjölda þjónustubíla og bjóðum þjónustu allan sólarhringinn sem veitir viðskiptavinum hámarksöryggi og lágmarksstopptíma.“

Klettur er með aðalstarfsemi sína við Klettagarða í Reykjavík en er auk þess með viðurkennda þjónustuaðila á landsbyggðinni.

### Traustar vörur

Klettur selur Caterpillar-vinnuvélar sem eru að sögn Bjarna öllum vel kunnar fyrir gæði og umfram allt góða þjónustu um allan heim. „Það leiðir til dæmis til góðra endursölumöguleika þegar þarf að breyta vélaflóru fyrirtækja.“

Hann segir sölu á vinnuvélum hafa tekið kipp á síðasta ári og að aukning hafi verið það sem af er þessu ári. „Helst hefur aukning verið í sölu á þjónustuvélum eins og hjólagröfum og traktorsgröfum en einnig stærri vélum, meðal annars til notkunar við Vaðlaheiðargöng.“

Meðal nýrra vörumerkja í flokki vinnuvéla hjá Kletti er Ausa en þeir eru þekktir fyrir búnað eins og „mini-dumpera“, skotbómulyftara og hreinsibíla.

Klettur hefur einnig söluumboð fyrir ýmsan fylgibúnað, svo sem Encon-snúningsliði fyrir gröfur, skóflur, snjótennur, sópa og annan aukabúnað fyrir vinnuvélar frá þekktum framleiðendum.

### Vinsæll vörubíll

Eitt þekktasta merkið í flokki vörubifreiða hérlendis undanfarna áratugi er Scania sem er þekkt fyrir rekstrarhagkvæmni og þægindi í akstri. „Nú um síðustu áramót tóku gildi nýjar kröfur um útblástur, eða Euro-6. Þá kynnti Scania aðra kynslóð þeirra véla, einn vélaframleiðanda, og hefur því upp á að bjóða mikla reynslu og þekkingu varðandi þá lausn. Scania býður einn vörubílaframleiðenda upp á V-8-vél sem uppfyllir þessar nýju kröfur.“

Nýlega kynnti Scania til sögunnar Scania Streamline-vörubílinn sem hefur slegið í gegn. „Vörubíllinn hefur vakið mikla athygli og ánægju á meðal viðskiptavina. Þar skiptir ekki síst máli sá mikli árangur sem hefur náðst varðandi minnkun eldsneytiseyðslu en eldsneytiskostnaður er einn helsti kostnaðarliðurinn í rekstri fyrirtækja í þessari grein.“

Klettur býður heildarlausn fyrir viðskiptavini og getur afhent bifreiðar með ábyggingu. Fyrirtækið hefur meðal annars umboð fyrir Närko-vörukassa og -vagna, Sörling- og Tyllis-ábyggingar, Hiab-hleðslukrana og -gámakróka og margt fleira.

### Þekkt vörumerki

Langendorf framleiðir vagna og palla fyrir vörubifreiðar og er vel þekkt vörumerki hér á landi enda verið algengasti malarvagninn í mörg ár. Klettur tók nýlega við umboðinu fyrir Langendorf og salan er nú þegar farin að taka við sér.

Klettur sérhæfir sig einnig í hjólbarðaþjónustu og er traustur þjónustuaðili við vörubíla og vinnuvélar. Fyrirtækið býður upp á gæðamerki eins og Goodyear og Dunlop ásamt því að vera með vönduð sóluð dekk fyrir vörubíla.

Nýlega bættist ein rós í hnappagat fyrirtækisins sem er MAXAM, sem býður gæðavinnuvéladekk á góðu verði. Hefur þessi nýja viðbót fengið góðar undirtektir að sögn Bjarna.

Nánari upplýsingar má finna á www.klettur.is.



Bjarni Arnarson, sölustjóri Kletts, fyrir framan nýja útfærslu af CAT-traktorsgröfu.



AUSA D1000 er afkastamikið tæki sem hentar vel við þröngar aðstæður.



CAT 313-hjólagrafa og 444-traktorsgrafa tilbúnar til afhendingar.

MYNDIR/GVA




# Mikil aukning í sölu á Iveco-bílum

Kraftvélar hafa umboð fyrir Iveco-atvinnubíla sem bjóða upp á eina mestu framleiðslubreidd sem einn framleiðandi hefur upp á að bjóða. Verksmiðjur eru á nokkrum stöðum í Evrópu auk Kína, Indlands, Tyrklands, Ástralíu, Argentínu, Brasilíu og Suður-Afríku.

Iveco býður lausnir sem uppfylla allar þarfir faglegra flutninga," segir Óskar Sigurmundason, sölufulltrúi Iveco-atvinnutækja hjá Kraftvélum.

Kraftvélar tóku við sem formlegur umboðsaðili Iveco á Íslandi árið 2010 og hafa síðan unnið markvisst að þjálfun starfsmanna til viðgerða- og varahlutaþjónustu fyrir allar gerðir Iveco-bíla, ásamt því að ráða og sérþjálfa sölumann til að kynna breitt vöruúrval Iveco.

„Iveco er leiðandi á sviði nýsköpunar og var meðal annars fyrst til að kynna túrbó í allar dísilvélar sínar og innleiða Common Rail-vélarnar, fyrst með Euro V-ökutæki og nú síðast með byltingarkenndri þróun Euro VI-vélarinnar sem eyðir og mengar minna," upplýsir Óskar.

Umboðsmenn Iveco eru í fleiri en 160 löndum og þar á meðal á Íslandi.

„Til að sinna Iveco sem best hafa Kraftvélar fjárfest í innviðum fyrirtækisins og hefur sú fjárfesting þegar skilað góðum árangri," segir Óskar.

Frá því í febrúar á þessu ári, þegar Óskar hóf störf sem sölumaður Iveco, hafa verið staðfestar pantanir á sextán bílum sem koma til landsins með haustinu.

„Þar má nefna kaupendur eins og Ölgerðina, Olíudreifingu, Eimskip, Hafnarfjarðarbæ, Vegagerðina og Reykjavíkurborg, ásamt fleiri fyrirtækjum og stofnunum."

## Iveco í mikilli sókn

Framleiðsludeild Iveco státar af ríkulegum bílaflota.

„Þar má fyrst telja Iveco Daily sendi-, vinnuflokka- og grindarbíla sem koma nú í nýrri og endurbættri útfærslu með minni eldsneytiseyðslu, fallegra útliti og endurbættum aðbúnaði ökumanns. Daily-bíllinn er fáanlegur í stærðunum 3,5 tonn upp í 7 tonn með flutningsrými frá 7,5 til 19,6 rúmmetra og burðargetu allt að 5 tonnum," segir Óskar.

Í millistærð Iveco eru Eurocargo-bílar í stærðarflokknum sex til nítján tonn.

„Eurocargo-bílarnir eru markaðsleiðandi bílar í sínum stærðarflokki í Evrópu vegna góðrar hönnunar, útlits, eyðslu og hagkvæms verðs," segir Óskar.

Í þungavigtarflokki býður Iveco tvær gerðir: Stralis, sem er hinn eiginlegi þjóðvegabíll, og Trakker sem er hannaður sem utanvega- og verktakabíll.

„Báðar þessar tegundir eru fáanlegar í stærðarflokknum 19 tonn og upp úr. Með endalausum valmöguleikum er svo hægt að raða saman mismunandi stærðum aflvéla, húsgerða, grindarlengda, gírkassa og öxla, ásamt mörgu öðru, allt eftir óskum hvers og eins notanda."

Skoðið úrvalið á www.kraftvelar.is



Óskar Sigurmundason er sölufulltrúi atvinnutækja hjá Kraftvélum sem eru með umboð fyrir Iveco á Íslandi. MYND/ARNÞÓR

# Einir í óbyggðum Grænlands

Starfsmenn Ístaks á vesturströnd Grænlands búa við mikla einangrun og erfiðar samgöngur þar sem þeir leggja lokahönd á smíði vatnsaflsvirkjunar. Vinnudagarnir eru langir og strangir og á sumrin þurfa þeir að kljást við árásargjarnar moskítóflugur.

Undanfarin ár hafa starfsmenn íslenskra verktakafyrirtækja starfað víða um heim við afar krefjandi og erfiðar aðstæður. Einn þeirra er Pétur Hemmingsen, tæknimaður hjá Ístaki, sem hefur dvalið á Grænlandi um nokkurn tíma. Ístak er að leggja lokahönd á byggingu vatnsaflsvirkjunar í Paakitsoq-firði, um 350 km norðan heimskautsbaugs og 60 km norðan við bæinn Ilulissat á vesturströnd Grænlands. Pétur segir að um 150 manns hafi starfað að verkefninu þegar það stóð sem hæst en í dag séu 15-20 manns á staðnum enda séu framkvæmdir á lokastigi. „Þetta var alveg ónumið land áður en framkvæmdir hófust hér og við munum skilja við svæðið eins og nánast enginn hafi nokkurn tíma verið hér. Virkjunin mun sjá Ilulissat fyrir rafmagni og hita og kemur í stað olíufrekra dísilrafstöðva. Það voru sprengdir um 6 km af jarðgöngum auk þess sem lagður var um 10 km langur vegur á vinnusvæðinu sem er einn sá lengsti á Grænlandi. Ein af sérstöðum verkefnisins er að virkjunin er í sífrera sem kallaði á sérstakar lausnir í hönnun til að koma í veg fyrir að vatnið í göngunum frjósi og verði að stóru klakastykki."


**Pétur Hemmingsen,** tæknimaður hjá Ístaki á Grænlandi.

## Mikil einangrun

Pétur segir vinnuaðstæður á Grænlandi talsvert ólíkar íslenskum. „Vinnustaðurinn er mjög afskekktur og einangraður auk þess sem samgöngur eru erfiðar. Hér er ekkert GSM-samband og hingað liggur enginn vegur úr bænum svo siglingar eru stór og mikilvægur þáttur í þessu verki enda þarf að sigla með öll aðföng. Paakitsoq-fjörður er frosinn 7-8 mánuði á ári og þá er ekkert hægt að sigla. Á meðan er notast við þyrlur til að flytja mannskap og vistir. Það skipti máli að skipuleggja vel öll innkaup og þörf fyrir aðföng. Yfir háveturinn hefur vinnustaðnum svo verið lokað."

Að sögn Péturs er veðurfar á Grænlandi talsvert stöðugra en á Íslandi. „Á sumrin skín sólin stöðugt og ekki oft sem ský sjást á himni. Hitinn á sumrin er á milli 5 og 20 stig en yfir veturinn er um 20-30 stiga frost. Úrkoma hér er einnig mjög lítil miðað við Ísland. Það sem kemur mörgum Íslendingum á óvart er að hér er mikið af moskítóflugum sem eru mjög árásargjarnar og bíta mann grimmt."

Hann nefnir einnig að jarðfræðin sé öðruvísi en á Íslandi. Allt berg sé mun eldra og því meira um klappir. „Umhverfið hér á vinnustaðnum er einnig mjög sérstakt. Við erum við rætur Grænlandsjökuls en meira að segja sjálfum Grænlendingum þykir merkilegt að komast svona í návígi við jökulinn."

Dæmigerður vinnudagur hjá Pétri og félögum er frá sjö á morgnana til sjö á kvöldin alla daga vikunnar nema sunnudaga. Flestir starfsmannanna vinna fjórar vikur í einu og taka svo tveggja vikna frí á Íslandi. „Á sunnudögum fara margir í gönguferðir, út að hlaupa, spila, slappa af og horfa á bíómyndir. Sumir hafa stundað reglulegt sjósund hér, eins ótrúlega og það hljómar. Svo er auðvitað rík hefð fyrir því að fá sér bjór á laugardagskvöldum eftir langa og stranga vinnuviku."


Ásgeir Jónsson, starfsmaður Ístaks til margra ára, á Hitachi-gröfunni.


Inntakslón virkjunarinnar í Paakitsoq-firði. Grænlandsjökull í baksýn.

MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jón Ívar Vilhelmsson, s. 512 5429, jonivar@365.is
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Hagkvæmar lausnir Arion banka við fjármögnun atvinnutækja

**Bíla- og tækjafjármögnun Arion banka er nýleg deild innan bankans sem hefur það að markmiði að veita sveigjanlega þjónustu sniðna að þörfum hvers viðskiptavinar. Sérfræðingar deildarinnar aðstoða viðskiptavini við að finna sem besta fjármögnunarleið fyrir hvern og einn.**

Bíla- og tækjafjármögnun Arion banka hóf starfsemi í september árið 2012. „Þá var ákveðið að stofna nýja deild og byrja að bjóða upp á nýjar leiðir í bíla- og tækjafjármögnun sem ekki höfðu verið í boði áður hjá bankanum," segir Sævar Bjarnason, forstöðumaður bíla- og tækjafjármögnunar Arion banka. Hann segir markaðinn hafa tekið vel á móti þessari nýju þjónustu. „Við hjá bíla- og tækjafjármögnun Arion banka þjónustum nú fjölmörg fyrirtæki um land allt."

## Skjót og góð þjónusta

Hagkvæmar lausnir við fjármögnun hvers kyns atvinnutækja eru mikilvægur liður í þjónustu bankans að sögn Sævars. „Hjá bíla- og tækjafjármögnun Arion banka starfar fólk með mikla reynslu af fjármögnun atvinnutækja. Við leggjum áherslu á gott samstarf við útibú bankans til að tryggja skjóta og góða þjónustu til viðskiptavina," segir Sævar og bendir á að starfsmenn sviðsins séu ávallt tilbúnir að finna sem besta fjármögnunarleið fyrir hvern og einn.


Sævar Bjarnason, forstöðumaður bíla- og tækjafjármögnunar Arion banka.

## Sveigjanlegur greiðslumáti

Kaupleigusamningar Arion banka eru sérstaklega ætlaðir til fjármögnunar á vélum og tækjum til atvinnurekstrar. „Arion banki býður viðskiptavinum sínum sem búa við árstíðabundið tekjuflæði að stýra greiðslum með þeim hætti sem hentar þeirra rekstri," segir Sævar en þannig geti viðskiptavinir kosið að greiða hlutfallslega hærri greiðslur þann hluta ársins sem tekjur eru meiri en lægri greiðslur þegar tekjur eru minni.

„Arion banki fjármagnar allt að 70 prósent af kaupverði tækisins fyrir utan virðisaukaskatt. Þegar um er að ræða bifreiðar getur leigutími verið allt að 84 mánuðir," upplýsir Sævar.

Hann segir önnur atvinnutæki fjármögnuð ýmist til lengri eða skemmri tíma. „Þá ræðst leigutíminn af notagildi og endingartíma tækisins."

Þegar um kaupleigusamning er að ræða er Arion banki skráður eigandi tækisins á samningstímanum, en við lok samningstíma færist eignarhald tækisins til leigutaka.

## Endurnýjun borgar sig

Þörfin fyrir endurnýjun atvinnutækja er mikil og rekstur á eldri tækjum og bílum getur verið óhagstæður. „Oft heyrum við af því að sparnaður í formi olíukostnaðar og viðhaldskostnaðar á nýlegum tækjum geti staðið undir hluta afborgana kaupleigusamninga og getur því verið mikil hagkvæmni í því fólgin að endurnýja tækjakost," segir Sævar. Hann bendir þeim sem huga að kaupum á atvinnutækjum á að hafa samband við starfsfólk bíla- og tækjafjármögnunar Arion banka í síma 444-7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið taeki@arionbanki.is. Auk þess má finna nánari upplýsingar á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is.


Fyrirtækjaráðgjafar bíla- og tækjafjármögnunar Arion banka. MYND/ARNÞÓR




## HAGKVÆM TÆKJAFJÁRMÖGNUN

Arion banki býður kaupleigu og tækjalán til að fjármagna kaup á nýjum og notuðum atvinnubílum og tækjum til atvinnurekstrar. Viðskiptavinir í Vildarþjónustu njóta hagstæðra kjara og geta sparað sér töluverða fjármuni.

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 444 8800 eða sendu inn fyrirspurn í gegnum taeki@arionbanki.is. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Arion banka, **arionbanki.is**.

Arion banki

# Mannlegi þátturinn heillar mest

Ómar Jóhannsson hefur starfað sem bílstjóri frá sautján ára aldri. Hann hefur lent í ýmsu á vegum landsins á þessum 37 árum. Dekk hafa sprungið og veður hafa verið válynd. Ómar var beðinn um að rifja upp þrjár eftirminnilegar sögur af ferlinum.

Ég gæti sagt þér frá ýmsu sem hefur komið fyrir mig og viðkemur veðri, ófærð og blindbyl, keðjum og veseni. En það þykir mér ekkert gaman. Ég vil miklu fremur tala um það sem snýr að mannlega þættinum," segir Ómar Jóhannsson sem byrjaði að vinna við akstur um leið og hann fékk bílpróf árið 1977. „Þá var ég að keyra út fyrir Vörumarkaðinn ehf.," segir Ómar sem hefur lengst af ferli sínum ekið sendibílum en þó með viðkomu í vörubílaakstri. Í dag ekur hann vörubíl fyrir Lífland. „Þetta starf hentar mér ágætlega, og ætli sé nokkuð hægt að nota mig í annað," segir hann og hlær. Ómar rifjar upp eftirminnilegar sögur.



Ómar Jóhannsson hefur ekið ófáa kílómetra á 37 árum og lent í ýmsu. MYND/ARNÞÓR

### Búslóðaflutningar í lögreglufylgd

„Að morgni miðvikudags, ótiltekið ár, var ég uppi á Sendibílastöð Trausta. Það barst símtal og afgreiðslukonan varð hálfskrítin. Þá hafði kona beðið um búslóðaflutning en við bílstjórarnir áttum að bíða átekta í nágrenninu á tilteknum tíma þar til hún hringdi. Ég fór af stað með yngri manni, símtalið kom og við stukkum af stað. Þá voru þar tvær konur og tvö börn. Það var byrjað strax að róta út úr skápum. Ég fattaði um leið að það var eitthvað að og bauð húsmóðurinni hjálp. Þá kom í ljós að hún var að flytja sig út frá eiginmanninum milli þess sem hann fór í vinnuna og kom heim klukkan hálf tíu í kaffi til að athuga með hana. Við rusluðum út dótinu og þegar klukkan er alveg að verða tíu gekk ég með síðasta kassann út og mætti eiginmanninum. Hann var ekki mjög hrifinn og við áttum orðaskipti. Hann bað mig um að snúa til baka en ég sagðist ekki vera að vinna fyrir hann. Þegar við komum á áfangastað biðum við eftir húsráðanda. Eftir augnablik komu nokkrir lögreglubílar og við losuðum bílana í lögreglufylgd meðan eiginmaðurinn beið úti á götu."

### Snúið upp á hönd bæjaryfirvalda

„Nú förum við í pínulitla svaðilför. Það var miðvikudagur fyrir páska fyrir nokkrum árum þegar fólk var að fenna inni í bústöðum í Grímsnesi. Þá var ég á leið á Siglufjörð á fiskitrukk. Kafaldsbylur var alla leið. Á Ketilási var allt járnað nema varadekkið. Þegar ég var kominn langleiðina kom ég að snjóflóði. Það var hærra en bíllinn. Ég bakkaði frá en vonlaust var að snúa við.

Þá sá ég ljós frá nokkrum bílum fyrir aftan mig. Mér leist ekki á, fór út og tala við fólkið og sá að það voru börn í bílunum og sumir illa búnir. Fólkið ætlaði í heimsókn á Siglufjörð yfir páska.

Ég náði að hringja úr NMT-síma í fyrirtækið sem ég átti að fara í enda vissi ég að þeir ættu stór tæki sem gætu opnað veginn. Þeir sögðust verða kærðir ef þeir kæmu nálægt þessu. Vegagerðin sagði að ekki yrði opnað fyrr en eftir tvo daga. Þá hringdi ég í bæjarstjóra Siglufjarðar og sagði honum að það væri ekki forsvaranlegt að gestir Siglufjarðar þyrftu að dúsa í bílum rétt utan bæjarins. En enginn vildi snerta á málinu. Ég fór út og talaði við fólkið, hringdi svo aftur í bæjarstjórann og sagði honum að hann skyldi búast við símtali frá björgunarsveitinni fljótlega með beiðni um að opna veginn því næsta skref hjá mér væri að hringa í 112 til að láta sækja fólkið. Þá kom löng þögn og síðan bað hann mig að gefa sér fimm mínútur. Stuttu síðar hringdi hann aftur og sagði að tækin væru á leiðinni."

### Brúað með sívalningum

„Það var að draga að jólum og ég var á leiðinni niður í Landeyjar. Þá gerir hláku ofan á frost, vatnselgurinn er mikill og það flýtur yfir skurði. Þegar ég kom niður í Landeyjar sá ég að það flaut yfir veginn. Ég fór út með kústskaft og rak niður í vatnið. Fann að það vantaði einn fjórða af veginum. Ég ákvað samt að taka þetta á ferðinni.

Ég fór í kaffi niður á Álfhóla en þá hringdi maður af næsta bæ með þau skilaboð að vegurinn væri að fara í sundur og ef ég ætlaði mér að komast til baka yrði það að gerast strax. Þegar ég kom á staðinn var um sex metra haft í sundur á veginum og rúmlega mannhæð niður. Þetta var orðið skrautlegt en fleiri en ég þurftu að komast burtu.

Karlarnir á næstu bæjum, Álfhólahjáleigu og Sigluvík, eiga land að fjöru og voru búnir að safna að sér reka og öðru. Annar var með tvo stóra sívala staura sem við settum yfir haftið en sívalningarnir voru snúnir saman með snarvöl. Síðan voru settir heybaggar fyrir framan til að mynda tröppu.

Ég setti keðjur á trukkinn og ók yfir. Ég á mynd sem var tekin á þessari stundu, sem sýnir að allur bíllinn hefði komist fyrir ofan í haftinu," segir Ómar glaðlega og er greinilega uppfullur af sögum úr bílstjórastarfinu sem verða að bíða betri tíma.


**Club Car Villager 2 LSV**

Götuskráður rafmagnsbíll sem nota má líka á golfvöllum.



Verð frá 1.690.000,-

**Nánari lýsing**

- Bíllinn er byggður á sterkri og léttri álgrind.
- 3 punkta öryggisbelti.
- Framrúða með öryggisgleri og rúðuþurrku.
- 48 Volta rafmagnsmótor knýr bílinn áfram.
- Hámarkshraði 38km/klst.
- Drægi allt að 48 km á hleðslunni.
- Blaðfjaðrir með öflugum dempurum framan og aftan.
- Bremsur á öllum hjólum.
- Lengd 2,66m.
- Breidd 1,20m.
- Hæð 1,74m.
- Eigin þyngd 486 kg.
- Burðargeta 204 kg auk ökumanns.
- 2 ára ábyrgð á ökutækinu / 4 ár á rafgeymum.
- Lokað ökumannshús er valbúnaður.

**Club Car Carrryall 252**

Fjölnota rafmagnsbíll.



Verð frá 1.200.000,- án vsk
1.506.000,- m/ vsk

**Nánari lýsing**

- Bíllinn er byggður á sterkri og léttri álgrind.
- 48 volta rafmagnsmótor.
- Hámarkshraði ca 25km/klst.
- Drægi allt að 40km á hleðslunni.
- Blaðfjaðrir með öflugum dempurum.
- Burðargeta 480 kg
- Eigin þyngd 440 kg
- Lengd 3,13m
- Breidd 2,04m
- Hæð 1,33m

**Club Car Carryall 710 LSV** *með húsi*

Götuskráð skutla með 40 km hámarkshraða.



Verð frá 1.980.000,-

**Nánari lýsing**

- Bíllinn er byggður á sterkri og léttri álgrind.
- 48 volta rafmagnsmótor.
- Hámarkshraði 38km/klst.
- Allt að 48 km drægi á hleðslunni.
- 3 punkta öryggisbelti
- Blaðfjaðrir með öflugum dempurum framan og aftan.
- Bremsur á öllum hjólum.
- Lengd 3,49m
- Breidd 1,28
- Hæð 1,78m
- Eigin þyngd 500 kg.
- Burðargeta 500 kg.

**Club Car XRT 1150**

Díselknúinn fjölnotabíll með frábærri fjöðrun og mikilli getu í torfærum.



Verð frá 2.190.000,- án vsk
2.748.450,- m/ vsk

**Nánari lýsing**

- 4 sæta með stórum sturtupalli.
- 3 strokka Kubota díselmótor 20 hestöfl.
- Intellitrak 4x4 drifbúnaður.
- Rafkerfi 12 volt
- 25 lítra eldsneytistankur
- Sjálfstæð fjöðrun á framhjólum og hásing með gormum og dempurum að aftan.
- Lengd 4,00m
- Breidd 1,58m
- Hæð 1,99m
- Burðargeta/dráttargeta 726kg. Þar af burðargeta á palli 363kg
- Eigin þyngd 810 kg.

Club Car

*Verð og búnaður getur breyst án fyrirvara.*
*Verð eru birt með fyrirvara um innsláttarvillur.*

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / 700 - Egilsstaðir
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is




## ClubCar-vinnubílar

Bandaríski framleiðandinn ClubCar er líklega best þekktur hérlendis sem framleiðandi vandaðra golfbíla en þó má finna nokkurn fjölda vinnubíla frá ClubCar hérlendis, til dæmis í álverum og kirkjugörðum.

Framleiðsla ClubCar hófst fyrir um 35 árum á einföldum golfbílum, í verksmiðjunni í Augusta í Georgíu, sem síðan þróuðust jafnt og þétt í átt að því sem við þekkjum í dag.

### Sérstök lína vinnubíla

Fljótlega kom í ljós að kaupendur bílanna notuðu þá ekki eingöngu sem golfbíla heldur líka sem létta og handhæga vinnubíla. Í kjölfar vaxandi eftirspurnar eftir bílunum til annarra kaupendahópa en golfara, var hönnuð sérstök lína vinnubíla sem fékk nafnið ClubCar Carryall. Vinsældir Carryall-vinnubílanna hafa vaxið jafnt og þétt og eru þeir nú stærsti hluti framleiðslu ClubCar.

Margar útfærslur og gerðir af Carryall-bílunum eru fáanlegar og eru þær ýmist knúnar áfram með Subaru-bensínvélum eða með rafmagni, sem nýtur stigvaxandi vinsælda. Sumar gerðir bílanna er hægt að götuskrá meðan aðrar gerðir eru hugsaðar til notkunar í verksmiðjum eða á lokuðum svæðum. Bílarnir eru yfirleitt afturdrifnir en einnig eru í boði 2 gerðir Carryall sem eru 4x4 og knúnar áfram með dísilvélum.

### Pósturinn borinn út á Carryall

Sem dæmi um víðfeðmt notagildi Carryall-bílanna má nefna að sænska póstþjónustan er með yfir 300 Carryall-rafmagnsbíla í notkun í Svíþjóð við útburð á pósti um alla Svíþjóð.

Umboð fyrir ClubCar á Íslandi hefur Jötunn Vélar.



Úrvalslið starfar í atvinnubíladeild Öskju sem byggir á áratuga reynslu. Þorsteinn Ólafsson og Páll Halldór Halldórsson, sölustjóri vörubíla. MYND/ARNÞÓR

# Úrvalslið í atvinnubíladeild Öskju

Páll Halldór Halldórsson, sölustjóri vörubíla hjá Bílaumboðinu Öskju, segir fyrirtækið leggja metnað í persónulega og góða þjónustu. Viðskiptavinir geti gengið að henni vísri enda búi starfslið atvinnubíladeildar Öskju að áratuga reynslu í bransanum og þekkingu.

Það er ekkert umboð með annað eins lið í sölu á atvinnubílum. Ég leyfi mér að fullyrða það," segir Páll Halldór Halldórsson, sölustjóri vörubíla hjá Öskju, eldhress en þrír starfsmenn starfa í söludeild atvinnubíla Öskju. Allir byggja þeir á áratuga reynslu segir Páll, sem sjálfur ók vörubíl og starfaði hjá Vöruflutningamiðstöðinni og Flytjanda í tugi ára.

„Þorsteinn Ólafsson, sem sér um sendibílana, var með eigin bíl á Sendibílastöðinni í rúm tuttugu ár og Agnar Daníelsson er algjör sérfræðingur í rútum, sennilega einn sá mesti hér á landi. Við þekkjum því alla kallana í bransanum vel og þeir okkur. Þetta eru viðskiptavinir sem vita að hverju þeir ganga hjá okkur," segir Páll og leggur áherslu á góða og og persónulega þjónustu fyrirtækisins, hvort sem um ræðir kaup á nýjum bíl eða viðgerðarþjónustu en Askja rekur tvö verkstæði á Krókhálsi 11; annars vegar fyrir fólksbíla og hins vegar atvinnubílaverkstæði.

## Verkstæðin til fyrirmyndar

„Það er gott aðgengi hér á Krókhálsinum og bæði verkstæðin eru vel tækjum búin. Öll þjónusta er til fyrirmyndar, persónuleg og lipur. Hér vinna menntaðir bifvélavirkjar sem eru boðnir og búnir að aðstoða menn, jafnvel með viðgerðir í gegnum símann ef því er að skipta. Starfsmenn fara reglulega til Þýskalands og kynna sér nýjungar, bæði starfsmenn á verkstæðinu og einnig við sölumennirnir," segir Páll.

„Menn verða að vera á tánum og allt að ganga smurt, eiga alltaf til varahluti og geta afgreitt bílana fljótt og vel. Þetta þarf allt að haldast í hendur."

## Tími kominn á endurnýjun

Páll segir vörubílabransann að vakna eftir lægð fyrstu áranna eftir hrun. Kominn sé tími á endurnýjun í vörubílaflota fyrirtækja en margir bílar séu jafnvel eknir meira en milljón kílómetra.

„Fyrir hrun voru menn að skipta á þriggja til fimm ára fresti en nú eru sjö til tíu ára bílar enn í notkun. Mörg fyrirtæki keyra hvern einasta bíl um 130 til 150 þúsund kílómetra á ári. Það er því farið að síga vel á seinni hlutann hjá þessum bílum þegar þær tölur eru margfaldaðar með tíu," segir Páll.

„Þá fór gífurlegur fjöldi tækja úr landi um árið 2009, vörubílar, kranar og gröfur. Þetta er harður og óvæginn bransi. Helstu viðskiptavinir okkar í dag eru heildsölurnar, olíufélögin og flutningafyrirtækin en einnig eru stóru verktakarnir aðeins byrjaðir að endurnýja flotann, þar á meðal Ístak með nokkra bíla frá okkur."

## Ferðaþjónustan

„Þá voru auðvitað margar afhendingar í rútunum í vor, til blómstrandi ferðaþjónustu, bæði hinn vinsæli Tourismo-rútubíll, Atego-grindarbíll með yfirbyggingu frá UNVI á Spáni eða MOBIpeople í Portúgal og ekki síst Sprinter-bíllinn með innréttingum frá CMS-Auto í Póllandi. Auk þess fjöldi bíla í bílaleigur. Við hjá Öskju erum allavega mjög ánægðir með stöðuna í dag."



Askja afhenti fjölda langferðabíla í vor til blómstrandi ferðaþjónustu á landinu.



Páll segir tíma kominn á endurnýjun í vörubílaflota margra fyrirtækja.



Mercedes-Benz Actros 2663 LS dráttarbíll fyrir Hól ehf. á Húsavík.



Mercedes-Benz Actros 2651 L, sem afhentur var nýverið til Vörumiðlunar á Sauðárkróki.



„Starfsmenn fara reglulega til Þýskalands og kynna sér nýjungar, bæði starfsmenn á verkstæðinu og einnig við sölumennirnir," segir Páll. MYNDIR/ASKJA

# Bíllinn er stundum annað heimili

**Bílstjórar eyða oft löngum stundum á veginum. Oft þurfa þeir meira að segja að sofa í bílum sínum og þá er gott að þeir séu vel útbúnir. Árni Margeirsson keyrir um á Volvo FH 16 og er ánægður með lífið í bílnum þótt hann sé ekki mikið að gera vistarverurnar heimilislegar með blómum. Hann segir bílinn vera öflugan auk þess að vera með öllum þeim besta búnaði sem völ er á í dag.**

Árni Margeirsson keyrir um á vörubíl sem er engin smásmíði. Bíllinn er búinn hinum ýmsu kostum sem er gott fyrir Árna sem þarf oft að eyða nóttinni á vinnustaðnum. „Yfir veturinn þegar vertíðin stendur sem hæst og mest er að gera gisti ég allt að fimm nætur á viku í bílnum. Það má segja að hann sé æði oft mitt annað heimili,“ segir Árni og hlær. Bíllinn sem Árni býr stundum í er Volvo FH 16. Hann er 750 hestafla og árgerð 2013. „Bíllinn er með öllum helstu nýjungum. Í honum eru tvær kojur, örbylgjuofn, ísskápur og sjónvarp, þar er allt til alls nema klósettaðstaðan.“

### Náttstaðir í bæjunum

Árni vinnur hjá flutningafyrirtækinu Jóni og Margeiri í Grindavík sem sér um fiskflutninga út á land fyrir útgerðaraðila í Grindavík. „Ég reyni yfirleitt að stoppa inni í bæjunum þar sem ég er að losa farminn. Það kemur þó stundum fyrir að ég þarf að gista á miðri leið, þetta er allt háð boðum og bönnum um aksturstíma.“

### Fílar starfið vel

Árni er fjölskyldumaður og á þrjú börn. Hann segir að fjarvistir frá fjölskyldunni geti oft verið erfiðar. „Ég er búinn að vera að keyra í fjórtán ár og hefði ekki verið svona lengi í þessu nema af því að ég fíla mig vel. Þetta yrði nú samt eflaust leiðigjarnt ef ég þyrfti að gista í bílnum 365 daga á ári.“

### Engin blóm í vasa

„Bílarnir verða alltaf betri með hverju módelinu og bíllinn er með öllum flottasta búnaði sem hægt er að fá í dag. Akstursleiginleikar bílsins eru líka mjög góðir. Í honum er sjálfstæð fjöðrun að framan og þannig verður hann mun rásfastari. Hann líður eftir veginum og það er gott að keyra hann. Aflið er líka gott, í honum er öflugasta vél sem fáanleg er í flutningabíl í dag,“ segir Árni ánægður.

Aðspurður segist Árni brosandi ekki vera með myndir á veggjum bílsins eða blóm í vasa til að gera hann heimilislegan. „Nei, það er eitthvað lítið um það, þetta er bara sængin og koddinn, tannburstinn og snyrtibuddan og annað persónulegt dót sem fylgir manni.“



Bíllinn er vel útbúinn með kojum, örbylgjuofni, ísskáp og sjónvarpi.



Árni í bílnum þar sem hann dvelur löngum stundum.

# Kraftur býður upp á alla tækjalínuna frá Bucher

**Bucher Municipal er einn virtasti framleiðandi götusópa í heimi. Kraftur er einnig með umboðið fyrir ítalska fyrirtækið Giletta sem framleiðir ýmsar gerðir salt- og pækildreifara ásamt snjóblásurum og snjóplógum.**

Kraftur hf., sem um áratugaskeið hefur verið einn stærsti innflytjandi vörubifreiða á Íslandi, sem umboðsaðili fyrir MAN, er einnig með umboð fyrir Bucher-samsteypuna.

Bucher Municipal, eins og fyrirtækið heitir í dag, hefur verið einn af heimsins virtustu framleiðendum götusópa af ýmsum stærðum og fleiri tækja. Oft er talað um að Bucher sé „Rolls Royce“ götusópanna. Nýverið tók Hreinsitækni í notkun þrjá nýja sópa af gerðinni Bucher City-Cat 2020 en áður hafði fyrirtækið tekið við tveimur sams konar götusópum.

Nýlega tók Kraftur einnig við umboði fyrir Giletta, sem tilheyrir Bucher Municipal-samsteypunni. Giletta er ítalskt fyrirtæki sem framleiðir ýmsar gerðir salt- og pækildreifara ásamt snjóblásurum og snjóplógum. Saltdreifararnir frá Giletta eru einstaklega vel hannaðir og eru búnir ýmsum nýjungum, sem vakið hafa mikla athygli.

Áhugasömum aðilum er bent á að hafa samband við sölumenn Krafts varðandi bæklinga og frekari upplýsingar um Bucher Municipal.




Björn Erlingsson hjá Krafti og Rögnvaldur Guðmundsson, stjórnarformaður Hreinsitækni, við nýju sópana.




Giletta UniQa-saltdreifari.




Jóhann Pétursson sölustjóri og Jóhannes Hjálmarsson hjá Hrauni-Sandi.

## *Hraun-Sandur tekur við nýrri MAN-vörubifreið*

Á dögunum fékk Hraun-Sandur ehf. afhentan nýjan MAN TGX 26.480 6x2/4 BLS. Bíllinn hefur verið í malarflutningum undanfarnar vikur og reynst einstaklega vel. Bíllinn er mjög vel búinn aukabúnaði. Bíll og þriggja öxla vagn sem hann dregur vega samtals aðeins 14,6 tonn og hafa flutningsgetu upp á 29,4 tonn. Sérstaklega hefur verið ánægjulegt hversu eyðslugrannur bíllinn er, en hann eyðir aðeins 38-39 lítrum á hverja hundrað kílómetra en ekki er óalgengt að malarflutningabílar eyði allt að 50 lítrum á hundrað kílómetra.






Ólafur Árnason, sölu- og tæknilegur ráðgjafi hjá Brimborg, er bjartsýnn á að vörubílamarkaðurinn sé að glæðast. MYNDIR /DANÍEL

# Vörubílamarkaður að taka við sér

**Brimborg hefur flutt inn 44 bíla yfir tólf tonnum frá áramótum. Miðað við tölur fyrri ára gæti endað með því að um hundrað bílar verði skráðir við áramót. Nýr Volvo FH hefur fengið einstaklega góðar móttökur frá viðskiptavinum á árinu en bíllinn var valinn International Truck of the Year árið 2014.**

Volvo uppfyllir þarfir viðskiptavina fyrir traustan og skilvirkan rekstur með breiðu framboði vörubíla. „Volvo-vörubílar njóta virðingar og mikillar markaðshlutdeildar um allan heim vegna gæða sinna, áreiðanleika, rekstrarhagkvæmni og endingar. Notendur treysta Volvo,“ segir Ólafur Árnason, sölu- og tæknilegur ráðgjafi hjá Brimborg sem er með umboð fyrir Volvo á Íslandi.

## Helst flutninga- og sorphirðufyrirtæki sem endurnýja

„Vörubílamarkaðurinn virðist vera að taka töluvert við sér núna frá því 2008. Það eru skráðir 44 bílar yfir tólf tonnum frá áramótum og þar af erum við með þrettán Volvo-vörubíla. Þetta eru helst flutninga- og sorphirðufyrirtækin sem eru að endurnýja í dag. Einnig hefur Mjólkursamsalan og einstaka einstaklingar verið að endurnýja bílana hjá sér. Verktakamarkaðurinn er hins vegar enn mjög daufur.“

Til samanburðar voru 42 bílar skráðir árið 2011, 68 bílar árið 2012 og 63 árið 2013. Sami fjöldi var skráður árið 2002, 63 bílar, en stærsta ár sögunnar var árið 2006 þegar 348 vörubílar yfir tólf tonnum voru skráðir. „Við erum mjög bjartsýnir þar sem við erum með óskráða bíla í landinu ásamt þeim sem eru á leiðinni sem eru allavega tólf bílar. Miðað við þann fjölda bíla sem er skráður hjá okkur og er væntanlegur og miðað við markaðshlutdeild fyrri ára þá gæti markaðurinn endað í nálægt hundrað skráðum vörubílum sem eru yfir tólf tonnum í ár,“ segir Ólafur.

## Ný lína frá Volvo

Gott gengi í ár segir Ólafur meðal annars mega þakka nýrri línu frá Volvo. „Þetta góða gengi okkar nú má meðal annars þakka því að Volvo kom með alla sína vörubílaframleiðslu nýja á síðasta ári. Einnig því að við erum að selja mest af hinum nýja Volvo FH sem hefur fengið alveg einstakar móttökur hjá viðskiptavinum okkar. Það er í raun allt of langt mál að telja upp alla þá góðu eiginleika sem þeir bílar eru búnir en öryggi, gæði og áreiðanleiki er eitthvað sem kemur strax upp í kollinn og aldrei er nefnt of oft. Ég hvet alla til að koma og kynna sér úrvalið í vörubílalínu Volvo nánar.“

## Verðlaunaður í þriðja sinn

Hinn nýi Volvo FH var kjörinn International Truck of the Year 2014 af helstu blaðamönnum tuttugu og fimm fagtímarita sem fjalla um ökutæki í atvinnurekstri í Evrópu. Þetta er í þriðja sinn sem Volvo FH hlýtur verðlaunin International Truck of the Year. Hann hlaut þessi verðlaun einnig árin 1994 og 2000. Í samantekt við úrskurð dómnefndar International Truck of the Year segir formaður nefndarinnar, Gianenrico Griffini: „Volvo Truck hefur hér komið með algjörlega nýjan, öflugan, stóran vörubíl sem með hinu nýja ökumannshúsi, hátæknidriflínu og háþróuðum lausnum varðandi viðhald hefur sett ný viðmið í vörubifreiðaiðnaðinum.“



Útsýnið úr Volvo FH er frábært sem eykur öryggi bæði bílstjóra og annarra vegfarenda.




Brimborg selur mest af Volvo FH og hefur hann fengið einstaklega góðar viðtökur hjá viðskiptavinum fyrirtækisins.



Volvo FH er annálaður fyrir einstakan aðbúnað fyrir ökumann og gott rými.



# Góðar trukkamyndir

**Convoy (1978)** Kris Kristofferson og Ali MacGraw fara með aðalhlutverk í einni af bestu trukkamyndum sögunnar um samstöðu vörubílstjóra sem mynda kílómetra langa bílalest í hefndaraðgerð gegn hrottafengnum lögreglustjóra.

**Road Games (1981)** Stacey Keach leikur vörubílstjóra sem ekur um óbyggðir Ástralíu og lendir í gildru raðmorðingja sem notar unga konu (Jamie Lee Curtis) sem beitu fyrir fórnarlömb sín.

**Breakdown (1997)** Bíll pars (Kurt Russel og Kathleen Quinlan) bilar í miðri eyðimörk. Þau treysta vinalegum vörubílstjóra (J.T. Walsh) sem býður fram aðstoð sína, en aðeins til að ræna Quinlan. Myndin er hlaðin spennu og þykir ein af bestu trukkamyndum allra tíma.

**Joy Ride (2001)** Þrjú ungmenni (Paul Walker, Steve Zahn og Leelee Sobieski) gera að gamni sínu að tala við vörubílstjóra í talstöð en eiga fótum fjör að launa þegar hann reynist siðblindur morðingi.

**Duel (1971)** Klassískur tryllir sem kom Steven Spielberg á kortið sem leikstjóra. Dennis Weaver leikur vinnuferðalang sem er eltur af illgjörnum vöruflutningastjóra. Myndin inniheldur ógleymanlega eltingaleiki og spennu.

**Sorcerer (1977)** Fjórir lánlausir menn samþykkja að hætta lífi sínu með því að flytja farma af nítróglýseríni um hættusvæði frumskóga Suður-Ameríku. Í aðalhlutverki er Roy Scheider.

**Coast to Coast (1980)** Kynbomban Dyan Cannon leikur ríka konu sem strýkur af geðdeild og húkkar sér far með fátækum vörubílstjóra (Robert Blake) þvert yfir Bandaríkin. Auðvitað verða þau ástfangin á leiðinni en þurfa líka að glíma við svikráð ótrús eiginmanns hennar.






## RAFRÆNIR ÖKURITAR

**Ökuriti er** tæki sem skráir aksturs- og hvíldartíma ökumanns. Þannig er mögulegt að hafa eftirlit með að farið sé eftir settum reglum um aksturs- og hvíldartíma. Markmiðið með reglunum er að skapa betra starfsumhverfi fyrir atvinnubílstjóra og að bæta öryggi á vegum úti.

**Rafrænir ökuritar** eru litlar tölvur sem komið er fyrir í ökutækjum. Hver bílstjóri þarf að hafa sitt eigið ökumannskort sem sett er í ökuritann við akstur. Þannig skráist hvenær hvaða bílstjóri ók hvaða bíl og hvort lögboðin hvíld hafi verið tekin. Auk þess á flutningsfyrirtæki sitt eigið kort til þess að auðkenna ökurita.



## VÖRUBÍLARÉTTINDI

**Leyfi til** að keyra vörubíla, með eða án eftirvagns, skiptast í megindráttum í tvo flokka. Til að öðlast réttindi til að keyra vörubifreið sem er allt að 7.500 kg (flokkur C1) þarf að ljúka grunnnámskeiði og sitja tveggja kvölda námskeið af námskeiðinu Stór ökutæki. Ökumenn þurfa að hafa náð 18 ára aldri og eru verklegir aksturstímar til C1-réttinda sex talsins. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið námi til almennra ökuréttinda (flokkur B). Sami flokkur heimilar átta farþega í bíl án gjaldtöku og tengdan eftirvagn sem er ekki meira en 750 kg af leyfðri heildarþyngd.

**Til að** öðlast réttindi til að keyra vörubifreið sem er þyngri en 7.500 kg (flokkur C) þarf ökumaður að vera orðinn 21 árs og hafa fullnaðarökuskírteini. Hann þarf því að hafa endurnýjað B-réttindaökuskírteinið sitt í fullnaðarökuskírteini. Réttindin gefa ökumanni auk þess leyfi til að aka með eftirvagn sem er að heildarþunga 750 kg. Ef ökumaður vill keyra með þyngri eftirvagn þarf hann að ljúka eftirvagnaréttindum í flokki CE. Til að standast prófið í C-flokki þurfa ökumenn meðal annars að ljúka 52 stunda grunnnámi auk 12 verklegra tíma í akstri.



Þungaflutningar – Verktakastarfsemi
Jarðvinna – Efnissala




DRÁTTARBÍLAR

Skeiðarás 4 • 210 Garðabæ • drattarbilar@drattarbilar.is • S: 565-1460 / 892-1559

# FYRIR VERÐANDI MÓÐUR OG BARN

**AÐFÖNG KYNNA** *Barnsvon fylgir dásamleg tilhlökkun og gleði. Þá fyllast verðandi mæður löngun til að huga sérlega vel að heilsu sinni og barnsins litla sem í vændum er. Einmitt þá er nauðsynlegt að taka inn fólínsýru og bætiefni fyrir þroska fósturs og almenna hreysti móður.*

Anna Lilja Marteinsdóttir snyrtifræðingur á von á sínu fyrsta barni í haust og hugsar því sérstaklega vel um heilsuna. „Áður en ég varð ólétt tók ég inn Nutra-fjölvítamín fyrir konur því það inniheldur ráðlagðan dagskammt af fólínsýru fyrir konur á barneignaraldri, auk helstu bætiefna sem konur þarfnast í dagsins önn,“ segir Anna Lilja sem byrjaði að taka inn Nutra-fólínsýru þegar hún varð barnshafandi.

„Við nánari eftirgrennslan um fólat fyrir barnshafandi konur komst ég að raun um að Nutra-fólínsýra er sú eina sem uppfyllir ráðlagðan dagskammt fólats fyrir óléttar konur í einni töflu, eða 500 míkrógrömm á dag, samkvæmt viðmiðum Embættis landlæknis,“ segir Anna Lilja.

Fyrstu tólf vikur meðgöngunnar var Anna Lilja illa haldin af morgunógleði.

„Ég gubbaði frá morgni til kvölds og átti af þeim sökum erfitt með að tryggja fóstrinu nauðsynleg vítamín og steinefni með fæðunni einni saman. Því fannst mér gott að geta tekið inn fjölvítamín og fólínsýru í töfluformi og vita til þess að fóstrið dafnaði vel þrátt fyrir tímabundna vanlíðan mína.“

Vinnu sinnar vegna hefur Anna Lilja mikinn áhuga á Nutra Húð, hári og nöglum.

„Á meðgöngu vex hár yfirleitt helmingi hraðar en vanalega en hárlos er þekkt eftir barnsburð og þá mun ég klárlega byrja að taka inn þær töflur,“ segir Anna Lilja, ánægð með líðan sína og hraustleika á meðgöngunni.

„Mér þykir þægilegt að geta keypt þau vítamín sem ég þarf um leið og ég geri innkaupin í Bónus og gott verð á Nutra kom mér verulega á óvart þrátt fyrir mikið magn taflna í hverjum stauk.“

Nutra-vítamínin fást í verslunum Hagkaups og Bónuss.



**MEÐ BARNI** Anna Lilja Marteinsdóttir snyrtifræðingur var illa haldin af morgunógleði fyrstu tólf vikur meðgöngunnar og þótti þá gott að tryggja ófæddu barni sínu nauðsynleg vítamín og steinefni með Nutra-vítamínunum. MYND/ARNÞÓR

## HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

Nutra Húð, hár og neglur er sérvalin bætiefnablanda fyrir húð, hár og neglur. Bætiefnablandan inniheldur meðal annars amínósýrur sem eru mikilvægar heilbrigði húð, hári og nöglum. Blönduna er hægt að nota sem kúr í skamman tíma eða til að taka yfir lengra tímabil til að auka hárvöxt, koma í veg fyrir hárlos og styrkja húð og neglur. Auk amínósýra eru í blöndunni B-vítamínin B1, B2, B3, B5, B6 og Bíótín, og svo selen og PABA sem styrkja húð, hár og neglur.

Bætiefnablandan inniheldur einnig E- og A-vítamín. A-vítamín gegnir mikilvægu hlutverki í endurnýjun húðfruma og hjálpar til við framleiðslu á náttúrulegri sebum-olíu. Hún er okkur nauðsynleg til að hafa réttan raka í hársverði, gerir hann vatnsheldan og dregur úr ótímabæru hárlosi. Auk þess gefur A-vítamín hárinu gljáa og fallegan blæ.

E-vítamín er öflugt andoxunarefni og mikilvægt fyrir allar frumur líkamans. Það er græðandi og dregur úr bólum og örum, eykur súrefnisflæði og hjálpar rauðum blóðkornum að flytja súrefni og næringu til húða.

Í Nutra Húð, hári og nöglum eru rúm 300 milligröm næringargers sem gefur bætiefninu sérstaka lykt og bragð. Ger er einstaklega gott fyrir húð, hár og neglur og hollt á marga aðra vegu. Ger er ríkt af B-vítamínum og prótíni, sem er mikilvægt fyrir húð og hár, en auk þess steinefnum og snefilefnum, eins og járni, kalki, sínki og kopar sem húð, hár og neglur þarfnast. Í bætiefnablöndunni er þykkni úr ofurjurtinni elftingu (e. horsetail), sem gefur andoxunarefni, og silica sem notið hefur mikilla vinsælda og verið notað um langa hríð í vörur fyrir húð, hár og neglur. Silica styrkir líka beinin og er talið geta hægt á hrukkumyndun í húð.

Ráðlagður dagskammtur af Nutra Húð, hár og neglur er 1 til 2 töflur á dag og sé blandan tekin sem kúr á mælt með tveimur töflum á dag.




## FÓLÍNSÝRA ER MIKILVÆG FYRIR MÓÐUR OG BARN

Fólínsýra er mikilvæg fyrir alla, en sérstaklega konur á meðgöngu. Samkvæmt ráðleggingum Embættis landlæknis eiga konur á meðgöngu og með barn á brjósti að taka inn daglega 500 míkrógrömm af fólínsýru. Nutra Fólínsýra inniheldur þessi mikilvægu 500 míkrógrömm og uppfyllir því daglega þörf verðandi mæðra með aðeins einni töflu.

Fólínsýra er vatnsleysanlegt vítamín úr flokki B-vítamína og nauðsynleg fyrir eðlilega blóðmyndun og frumuskiptingu. Hún er líka mikilvæg fyrir eðlilega myndun og viðhald amínósýra í blóði því mikið af amínósýrum í blóði hefur tengingu við hjarta- og æðasjúkdóma. Jafnframt er fólínsýra talin þýðingarmikil fyrir andlegt jafnvægi, hún spornar gegn þreytu og sleni og hefur mjög jákvæð áhrif á ónæmiskerfi líkamans.

## AF HVERJU FÓLÍNSÝRA Á BARNEIGNARALDRI?

Rannsóknir hafa sýnt að rífleg fólatneysla fyrir getnað og á fyrstu tólf vikum meðgöngunnar dregur úr hættu á alvarlegum skaða í miðtaugakerfi fósturs, svo sem klofnum hrygg og heilaleysu. Því er öllum konum, sem geta orðið barnshafandi, ráðlagt að taka inn 400 míkrógramma fólínsýrutöflu á dag ásamt því að borða fólatríkan mat. Konum á meðgöngu og með barn á brjósti er ráðlagt að taka inn 500 míkrógrömm.




## FJÖLVÍTAMÍN FYRIR 16-50 ÁRA KONUR

Nutra Fjölvítamín fyrir konur er þriggja mánaða skammtur af mikilvægum bætiefnum fyrir konur á aldrinum 16 til 50 ára. Fjölvítamínblandan er sérvalin og breiðvirk formúla fyrir konur sem vilja fá mikilvægustu bætiefnin í einni töflu. Þau innihalda meðal annars 400 míkrógrömm af fólínsýru, sem er ráðlagður dagskammtur kvenna á barneignaraldri og er best að fólínsýra sé í nægjanlegu magni í líkamanum þegar barn verður til.

## STYRKIR ÓNÆMISKERFI LÍKAMANS

Rannsóknir sýna að þeir sem taka inn gott fjölvítamín eru með sterkara ónæmiskerfi og því líklegri til að sleppa við umgangspestir og sýkingar. Ein tafla á dag af Nutra Fjölvítamíni er góð viðbót við daglegt gott fæði en óhætt er að auka skammtinn í tvær töflur til að tryggja nægjanlegt magn mikilvægra bætiefna sé kona undir miklu álagi eða stundar mikla líkamsrækt.



### TRJÁFELLINGAR
Klippi, felli snyrti tré og runna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald



Er með inni vinnupall til sölu, vinnu hæð allt að 4 metrum,pallurinn er notaður en lítur mjög vel út, er á hjólum og kemst í gegnum öll hurðargöt. Upplýsingar í síma 8962443 Páll.







Laga ryð á þökum, hreinsa þakrennur, og tek að mér ýmis smærri verk. Uppl. s. 8478704. manninn@hotmail.com.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

### NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar




Spái í bolla/spil. Sé tímabókun gerð með sms er símaspá möguleg. S.699 4686. Kristín

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Trésmíði

### INNRETTINGAR.IS
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Rafvirkjun




# KEYPT & SELT

## Til sölu




Samskipti annast uppsetningu vinnustaðaskírteina og prentun. Hannaðu þitt eigið skírteini á samskipti.is, S:580-7820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is




### ÓDÝR HEIMILISTÆKI
Ísskápar, þvottavélar, örbylgjuofnar og fleira. Óska eftir bílskúr til leigu. Uppl. í s. 8968568

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin ) Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

### TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



### HREINRÆKTAÐIR BRÚNIR LABRADORHVOLPAR
Frábærir fjölskylduhundar og veiðihundar. HRFÍ ættbók og startpakki. Tilbúnir til afhendingar um miðjan júlí. Svavar 822-5950. Á FB Kvíslartungu labrador.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

Par með eitt barn óskar eftir íbúð. 2-3 hrb. í 112, 113, 110 eða 270. S: 6945480

## Atvinnuhúsnæði

**SKAMMTÍMALEIGA - BOLHOLTI 4, 105 REYKJAVÍK.**

Verslunarhúsnæði 245fm og 170fm á götuhæð. Stórir gluggar, einnig 90-180fm fyrir sérverkefni og aðra þrifalega starfsemi. Stór innk. hurð. Skammtímaleiga 1-2 mán í senn eða eftir samkomulagi. Laust strax að hluta annað frá 01. ágúst. n.k.

**Uppl. grensas@gmail.com**

**S. 893 8166**

### 51,6 M2 IÐNAÐARBIL
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu. 10 m2 milliloft mögulegt. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

## Geymsluhúsnæði

### WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

### GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

### WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr eða atvinnuhúsnæði til leigu. Uppl. í s. 8968568.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Við leitum af duglegum hótelhaldara til starfa á hóteli 2 tíma frá Reykjavík þarf að hafa reynslu af rekstri hótela og geta gengið í hvaða starf sem er innan hótelsins, góð enskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendist grandreykjavik@gmail.com

We seek a energetic hotelier operating in hotel 2 hours from the Reykjavik required to have experience in operating hotels and can work any job within the hotel, good knowledge of English is important. Applications should be sent grandreykjavik@gmail.com

Vantar starfsfólk í næturvinnu í þvottahús í reykjavík. Einungis vandvirkt, heiðarlegt og duglegt fólk kemur til greina - Parf að geta byrjað strax. Umsóknir berist á svanhvit@svanhvit.is

Vantar duglega og stundvísa menn í garðyrkjustörf. Uppl. í s. 774 5775

Byggingaverktaki óskar eftir smiðum eða mönnum vönum í móta og viðhaldsvinnu og einnig verkstjóra. Uppl. í s. 894 4646

# TILKYNNINGAR

## Einkamál












## MERKISATBURÐIR



**1362** Mikill bardagi er háður á Grund í Eyjafirði er Eyfirðingar fara að Smiði Andréssyni hirðstjóra og mönnum hans og drepa níu, þar á meðal Smið, en fimm falla úr liði Eyfirðinga.

**1497** Vasco da Gama heldur upp í fyrsta leiðangur sinn til Indlands umhverfis Afríku.

**1903** Síldarsöltun hefst á Siglufirði.

**1922 Ingibjörg H. Bjarnason er kjörin á þing fyrst kvenna.**

**1926** Ríkisstjórn Jóns Þorlákssonar tekur við völdum.

**1987** Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tekur við völdum. Þar á Jóhanna Sigurðardóttir sæti og er þriðja íslenska konan til að gegna starfi ráðherra.



**TVÆR KANÓNUR FRÁ BOLUNGARVÍK** Hér eru þeir Elías Jónatansson bæjarstjóri og Ólafur Kristjánsson, fyrrverandi bæjarstjóri, við minnisvarða sem bæjarstjórnin lét gera til að heiðra minningu Einars Guðfinnssonar og konu hans, Elísabetar Hjaltadóttur. MYND/EINAR GUÐMUNDSSON

# Þuríður passar bæinn

Fjörutíu ár eru liðin frá því Bolungarvík fékk kaupstaðarréttindi. Fréttablaðið ræddi við tvær kanónur staðarins um Þuríði sundafylli, Óshlíðina, íbúana og útgerðina í þessari elstu verstöð landsins þar sem fyrsta veiðigjaldið var lagt á endur fyrir löngu.

Fjörutíu ár eru liðin síðan Bolungarvík fékk kaupstaðarréttindi en þessi fjörutíu ár eru aðeins lítið brot af sögu staðarins og eru Bolvíkingar meðvitaðir um það enda er fyrsti íbúi staðarins enn þá á staðnum. Það er hún Þuríður sundafyllir sem nam land í Bolungarvík í öndverðu en hún er nú steinrunnin í berginu í norðurhorni Óshlíðar þaðan sem hún fylgist með bæjarbúum.

Segja má að hún sé fyrst til að innleiða fiskveiðigjald hér við land en hún var fjölkunnug svo hún seiðir fisk í Djúpið en krefst svo gjalda fyrir þá sem sækja.

Ólafur Kristjánsson, sem var fyrsti forseti bæjarstjórnar þar í bæ og bæjarstjóri frá 1986 til 2002, segir að bærinn hafi breyst mikið frá því hann var tekinn í kaupstaðatölu. „Sem dæmi get ég sagt þér að á árunum 1983 og 1984 voru íbúarnir um 1.300 talsins og þá voru íbúar af erlendum uppruna innan við tíu,“ segir hann. „Nú eru íbúarnir tæplega þúsund og á meðal þeirra eru á annað hundrað af erlendum uppruna. Við höfum verið mjög heppin með það fólk sem til okkar hefur komið. Það hefur verið einstaklega gott svo það hafa aldrei verið neinir hnökrar á sambúðinni.“

Aðstæður hafa líka breyst mikið og talar Ólafur um þrekvirki þegar hann minnist á þær stökkbreytingar sem átt hafa sér stað við höfnina og allan aðbúnað þar. Enda ekki annað við hæfi á þessari elstu verstöð landsins.

Leiðin um Óshlíðina var lengi djöfull sem Bolvíkingar þurftu að draga þar til göngin voru opnuð undir henni árið 2010. „Það var með ólíkindum hvað heppnin var með okkur því þarna komu staksteinar, skriðuföll og snjóflóð. En hún Þuríður hefur greinilega passað okkur.“

> **Við höfum verið mjög heppin með það fólk sem til okkar hefur komið.**
>
> *Ólafur Kristjánsson, fyrrverandi bæjarstjóri,*

Mesti uppgangstíminn var frá miðri síðustu öld, meðan viðskiptaveldi Einars Guðfinnssonar var í algleymingi, og þar til það tók að dala á níunda áratugnum. Elías Jónatansson bæjarstjóri segir að lífið sé gott í Bolungarvík. „Hér höfum við allt til alls og það innan seilingar. Það er stutt að fara með börnin á leikskólann og ég er þrjár mínútur á golfvöllinn,“ segir hann í léttum dúr.

Íbúum hefur fjölgað, eftir að hafa farið niður í 890 fyrir fjórum árum, nú eru þeir orðnir 960 en þá er Þuríður ekki meðtalin. **jse@frettabladid.is**

---



Sonur minn og bróðir okkar,

**EIRÍKUR BECK STEINGRÍMSSON**
**Hamraborg 16, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 6. júlí.

**Ingibjörg Beck**
**Bjarni Steingrímsson**
**Páll Steingrímsson og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR KRISTINSDÓTTIR**
**Hrafnistu, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 6. júlí.

**Ásta Úlfarsdóttir** — **Kristinn Þórir Sigurðsson**
**Þórunn Úlfarsdóttir** — **Haraldur Þór Ólason**
**Ásgeir Úlfarsson** — **Ína Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**EÐVAR Ó. ÓLAFSSON**

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 5. júlí. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 14. júlí og hefst athöfnin kl. 15.00.

**Guðbjörg Guðjónsdóttir**
**Ólöf Eva Eðvarsdóttir** — **Trausti Jóhannsson**
**Hrund Eðvarsdóttir** — **Þorsteinn G. Aðalsteinsson**
**Gerður Eðvarsdóttir** — **Gísli Halldór Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**GUÐRÚNAR GUÐNADÓTTUR**
**frá Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Ási í Hveragerði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Dvalarheimilinu Ási fyrir frábæra umönnun.

**Gunnar Helgi Guðmundsson** — **Jóna Baldvinsdóttir**
**Guðni Marís Guðmundsson** — **Helga Jóhanna Jósefsdóttir**
**Samúel Jóhann Guðmundsson** — **Kolbrún Guðmundsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður, faðir, afi, langafi, tengdafaðir og tengdaafi,

**KETILL ARNAR HANNESSON**
**fyrrverandi landsráðunautur,**
**Þjóttuseli 6, Reykjavík,**

lést á gjörgæslu Landspítalans að morgni fimmtudagsins 3. júlí í faðmi fjölskyldunnar. Ketill Arnar verður jarðsunginn frá Seljakirkju miðvikudaginn 9. júlí kl. 13.00.

**Auður Ásta Sigríður Jónasdóttir**
**Kristján Ketilsson**
**Bára Agnes Ketilsdóttir** — **Örn Gunnarsson**
**Írunn Ketilsdóttir** — **Tómas Sigurðsson**
**Steinunn Ketilsdóttir** — **Snorri Arnar Þórisson**
**Jónas Ketilsson** — **Sigríður Magnea Óskarsdóttir**
**barnabörn og langafabarn.**

---



Við þökkum auðsýnda samúð og umhyggju við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, sonar, tengdasonar og bróður,

**SIGURÐAR ARNAR ÚLFARSSONAR**

**Hildur Steindórsdóttir**
**Hermann Örn Sigurðarson** — **Drífa Hrönn Jónsdóttir**
**Guðrún Hulda Sigurðardóttir**
**Heiðrún Hulda Guðmundsdóttir** — **Björn Matthíasson**
**Guðrún Sólveig** — **Steindór Pétursson**
**Sólborg Gígja Guðmundsdóttir** — **Kjartan Þorvaldsson**
**og aðrir ástvinir.**

---



Ástkær eiginkona mín, dóttir, tengdadóttir, systir, móðir, tengdamóðir og amma,

**RAGNHEIÐUR ELÍSABET JÓNSDÓTTIR**
**frá Litlu-Reykjum,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann 3. júlí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 9. júlí kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þorvaldur Þórarinsson**

---



Innilegar þakkir til þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts föður okkar,

**ÁSGEIRS ÓLAFSSONAR**
**frá Grænumýri á Seltjarnarnesi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks 5. hæðar á Skjóli fyrir kærleika og frábæra umönnun föður okkar.

**Ólafur Ásgeirsson**
**Eirný Ásgeirsdóttir**
**Ingibjörg Ásgeirsdóttir**
**Magnús Ásgeirsson**
**og fjölskyldur.**

---



Hjartans þakkir sendum við öllum ættingjum og vinum sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**EINU LAUFEYJAR GUÐJÓNSDÓTTUR**
**Miðleiti 1.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki hjúkrunardeildar 4B á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaka umönnun og hlýju, þið eruð hetjur.

**Snorri Einarsson**
**Sigrún Marinósdóttir** — **Bergþór Pálmason**
**Guðrún H. Marinósdóttir**
**Ingibjörg J. Marinósdóttir** — **Einar Árnason**
**Fjóla Marinósdóttir** — **Magnús Már Vilhjálmsson**
**og fjölskyldur.**

## til leigu

**Glæsilegt húsnæði til leigu undir veitingastað / kaffihús/ísbúð/útsölustað fyrir bakarí.**

Allt til staðar, 70 stólar, borð, kælir, frystir og önnur aðstaða sem nýtist með öðrum veitingastað.

Áhugasamir sendi inn á **box@frett.is** merkt ***" Einfalt og ódýrt"***




## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### 17. Júnítorg nr. 1 – Sjálandi Garðabæ.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**



**2ja – 3ja herbergja útsýnisíbúð**

Glæsileg 119,8 fm. 2ja - 3ja herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð í Sjálandi í Garðabæ auk sér stæðis í lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Rúmgóðar stofur, eitt svefnherbergi og sjónvarpshol. Auðvelt er að gera auka svefnherbergi í íbúðinni. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. Húsið stendur rétt við þjónustumiðstöðina í Jónshúsi og við hliðina á hjúkrunarheimilinu **Verð 43,9 millj . Íbúð merkt 0603.** ***Verið velkomin***

### Erluás 84- Hafnarfirði. Einbýlishús á útsýnisstað

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**



Glæsilegt 267,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað neðst í Erluási í Hafnarfirði. Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins, eða allt að 6,0 metrar og innfelld lýsing í loftum. Gríðarlega fallegt útsýni af efri hæð og af verönd útaf neðri hæð hússins. Bjartar og glæsilegar stofur. Mögulegt er að hafa allt að 5 svefnherbergi í húsinu. Lóðin er með stórri hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. Stór og skjólgóð viðarverönd er vestan við húsið og heitur pottur á henni. **Verð 69,9 millj.** ***Verið velkomin.***

**Stakfell**
:: 535_1000

**Grétar Haraldsson**
Hrl. Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Aðalheiður Karlsdóttir**
Lögg.fast.fyrirt.og skipasali
**Berta Bernburg**
Lögg. fasteignasali og leigumiðlari

**Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk**

### Gistihús í miðbæ Reykjavíkur

**Til sölu fullbúið gistiheimili með 8 íbúðaherbergjum og 2 studió íbúðum og sameiginlegum morgunverðarsal alls 263,1 fm. Eignin hefur verið í dagleigu á sumrin og lengri tíma leigu á veturna. Gistiheimilið er með góða viðskiptavild eftir margra ára rekstur sama aðila. Allt innbú til rekstursins ásamt heimasíðum fylgir með í kaupunum. Eignin er mikið endurnýjuð í áföngum s.s. vatns, ofna og klóaklagnir. Húsið er í snyrtilegu ástandi. Lóðin er eignalóð. Hér er um að ræða einstakt tækifæri fyrir aðila sem vill taka við fyrirtæki í fullum rekstri í gistiheimilis og hótelgeiranum í póstnúmeri 101.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Valtýsson viðskiptafræðingur. 865 3022 e-mail: gudmundur@stakfell**

### VANTAR LEIGUÍBÚÐ FYRIR TRAUSTAN AÐILA

**Óskum eftir íbúð til leigu strax í 1. ár fyrir traustan leigutaka.**

Íbúðin þarf að vera með húsgögnum og helst í póstnúmeri 101.

2 - 5 herbergja íbúð kemur til greina.



Allar nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697-9300
svan@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


# heitt?

**Skrifstofur - tölvurými - tækniherbergi**





Verð frá kr.
**149.990**

**Úrval af loftkælingu!**

## Viftur

Úrval af viftum, í öllum stærðum og gerðum. Skoðaðu úrvalið!



Verð frá kr. **9.990**

## Lofttræsting

Úrval af viftum til að loftræsta. Mikið úrval blásara á lager.




## Loftviftur

Losnaðu við hitann úr stofunni. Komdu loftinu á hreyfingu í svefnherberginu.



**íshúsið** 1983 - 2013 30 ára reynsla

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata

**viftur.is**



**KL. 21:35**

**Orange Is The New Black**

Frábærir þættir byggðir á sannri sögu Piper Kerman. Hún er komin aftur í fangelsið en er ekki tekið opnum örmum.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

**KL. 20:00**

**Heimur Ísdrottningarinnar**

Skemmtilegur þáttur þar sem fylgst verður með Ásdísi Rán, Ísdrottningunni.



**KL. 20:50**

**White Collar**

Fjórða þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.



**KL. 22:35**

**Burn Notice**

Vandaður spennuþáttur um njósnarann Michael Westen.



**KL. 19:05**

**Modern Family**

Fimmta röðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum.



**3 | KL. 20:35**

**Pretty Little Liars**

Dramatískur þáttur um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



**Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00**

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | 6 | | 1 | 5 | 8 | |
| | | 6 | | 2 | 8 | | | |
| 2 | 5 | | | | 4 | | | 1 |
| 3 | | 2 | | 6 | | 7 | | |
| | | | | | | 9 | | 3 |
| 8 | | 7 | | 5 | | | | |
| 6 | 4 | | | | | 8 | 3 | 7 |
| 7 | | 1 | | 4 | 6 | | | |
| 9 | | | | | | 4 | | 6 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 8 | 9 | | | 1 | | |
| 1 | | | | 4 | | 8 | 2 | |
| 3 | | 9 | 1 | | 8 | | 4 | |
| | | 4 | 8 | | | | | |
| | | | | | | 3 | 9 | |
| | 5 | 7 | | 1 | | 4 | | |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| | | 5 | 6 | | | 2 | 8 | |
| 8 | 6 | 3 | | | 4 | | 5 | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 4 | | 3 | | | 7 |
| 8 | | 4 | 6 | | 2 | | | |
| 3 | | | 7 | | | | | |
| | | | | | | 5 | 2 | 1 |
| | | | 9 | | | 3 | 4 | |
| | 8 | 5 | | | | | | |
| 4 | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |
| | | | | 4 | | 7 | | |
| | | | 3 | | | 6 | 5 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 1 |
| 7 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 |
| 9 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 5 |
| 3 | 7 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 1 | 9 |
| 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 | 4 | 2 | 8 |
| 5 | 8 | 7 | 2 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 8 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 | 5 | 7 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 |
| 6 | 2 | 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 2 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 8 | 7 | 1 | 4 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 3 | 2 | 9 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 5 | 1 | 7 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Allt sem yfirvöld snerta breytist í rusl.“

*Ringo Starr.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** pest, **6.** málmur, **8.** langar, **9.** blessun, **11.** hef leyfi, **12.** högni, **14.** stinga, **16.** í röð, **17.** málmur, **18.** strá, **20.** grískur bókstafur, **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**

**1.** helminguð, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** hamfletta, **7.** avókadó, **10.** andmæli, **13.** gerast, **15.** einsöngur, **16.** lifandi vera, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** ál, **8.** vil, **9.** lán, **11.** má, **12.** fress, **14.** pikka, **16.** de, **17.** eir, **18.** ýra, **20.** pí, **21.** raða.

**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** lárpera, **10.** nei, **13.** ske, **15.** aría, **16.** dýr, **19.** að.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Sigurður Daði Sigfússon (2.290) vann Gylfa Þórhallsson (2.132) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák fyrir skemmstu.**

**Hvítur á leik:**



**44. Df1!** Svartur getur ekki varið bæði biskupinn á f8 og riddarann á d7. Hann reyndi **44.... Dc8** en gafst upp eftir **45. Bxd7 Bxd7 46. Rb6 Dd8 47. Rxd7 Bd7 48. Rb6.**

**www.skak.is** EM landsliða í bréfaskák.



**HIMINLIFANDI** Mila ætlar að gifta sig í laumi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ashton er stóra ástin í lífi leikkonunnar

Mila Kunis getur ekki beðið eftir að giftast leikaranum.

Leikkonan Mila Kunis er í einlægu viðtali við tímaritið W og talar mikið um unnusta sinn, leikarann Ashton Kutcher, og barnið sem hún ber undir belti en þau Ashton eiga von á sínu fyrsta barni.

„Mig langaði aldrei að gifta mig. Ég bjó foreldra mína undir það frá tólf ára aldri. Síðan breyttist allt – ég fann ástina í lífi mínu. Núna lít ég svona á hjónaband: Ekki bjóða neinum. Gerið þetta í laumi. Foreldrar mínir eru sáttir við það. Þeir eru bara spenntir yfir því að ég sagði já," segir Mila. Leikkonan er líka spennt fyrir því að giftast Ashton.

„Við verðum öll skotin í kvikmyndastjörnum. Ég er að giftast manninum sem ég varð skotin í," bætir Mila við en Ashton er einnig fyrsti maðurinn sem hún kyssti á ævinni. Þau kynntust nefnilega þegar þau léku saman í sjónvarpsþættinum That '70s Show árið 1998. Þá var hún 14 ára og hann 15 ára.

„Fyrsti alvöru kossinn minn í lífinu var með honum í þættinum."

Nú eru Ashton og Mila í óðaönn að undirbúa komu frumburðarins.

„Mig hefur aldrei langað til að vera manneskja sem er með bransann á heilanum. Fyrir mér hefur þessi vinna alltaf verið áhugamál sem breyttist í æðislega atvinnu. En ég lifi ekki fyrir leiklist. Ég er viss um að Meryl Streep lítur öðruvísi á leiklist. En ég er spennt fyrir því að verða móðir í fullu starfi."

-lkg


SUMARAFSLÆTTIR
BÓN OG ÞVOTTASTÖÐVARINNAR

Aðalskoðun
15% AFSLÁTTUR af skoðun.
Gildir á skoðunarstöð.
Aðalskoðun á Grjóthálsi 10.
Gildir frá 1. - 25. hvers mánaðar.

NESDEKK
15% AFSLÁTTUR
af dekkjum og vinnu.
Gildir hjá Nesdekk á Grjóthálsi 10.

15% af grillmáltíðum.
Gildir hjá Wilson við Vesturlandsveg.

10 kr. AFSLÁTTUR
af eldsneytislítranum.
Gildir hjá Shell við Vesturlandsveg.

SONAX
Hreinsiklútur á aðeins 950 kr.
Hreinsiklúturinn frá Sonax til að þrífa m.a. bílinn að innan fæst hjá Bón og þvottastöðinni á aðeins 950 kr.

Tveir fyrir einn í minigolf.
Tveir fyrir einn í minigolf í Skemmtigarðinum í Grafarvogi.

Komdu með bílinn í bón og fáðu sumarafslátt
BÓN & ÞVOTTA STÖÐIN
GRJÓTHÁLSI






*Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný véla- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málmum sem létta bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV bensínvélarinnar með sjálfskiptingu er einungis 6,0 lítrar í blönduðum akstri. Fæst einnig með dísilvél.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

*KOMDU Í REYNSLUAKSTUR*

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SALVATION | KL 8 | 16 |
| TRANSFORMERS 2D | KL 4 | 12 |
| TRANSFORMERS 3D | KL 8 - 10.10 | 12 |
| TRANSFORMERS 3D LÚXUS | KL 5 - 9 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 3D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 5.30 - 8 - 10.40 | 12 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SALVATION | KL 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 5.45 | L |
| TRAIN... DRAGON 3D ÍSL TALÓTEXT. | KL 8 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 10.15 | 12 |
| X-MEN 3D | KL 10.40 | 12 |
| FAULT IN OUR STARS | KL 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 - 8 | 14 |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI



ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3D | 5:50, 9(P) | 12 |
| BRICK MANSIONS | 10:40 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKAN SINN 2D | 4:30 | L |
| 22 JUMP STREET | 8 | 12 |
| MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | 10:20 | 16 |
| VONARSTRÆTI | 5, 8 | 14 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D | 4 | L |

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SABOTAGE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| CUBAN FURY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 | KL. 3D: 5 - 8:30 - 10:20 2D: 10:20 | 12 |
| TRANSFORMERS 4 VIP 2D | KL. 5 - 8:30 | |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| BLENDED | KL. 8 | 10 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. | | |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 4 | KL. 3D: 8 - 10:20 2D: 4:40 - 7 | 12 |
| SABOTAGE | KL. 5:40 - 8 - 10:25 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL TAL | KL. 2D: 4:40 | L |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:40 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| CUBAN FURY | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 5:50 - 9:10 - 10:10 | 12 |
| MAKE YOUR MOVE | KL. 5:40 | 7 |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 8 | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SABOTAGE | KL. 10:10 | 16 |
| CUBAN FURY | KL. 8 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 6 - 9:15 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SABOTAGE | KL. 10:20 | 16 |
| CUBAN FURY | KL. 8 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 5 - 8:30 | 12 |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 | 10 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG


## FRÆGIR Á TWITTER



**Beyoncé**
**@ItsQueenB, 6. júlí**
Þegar þú andar núna er önnur manneskja að anda í hinsta sinn. Hættið að kvarta og lærið að meta líf ykkar.



**Harry Styles**
**@Harry_Styles, 7. júlí**
Jææææææja ... veðrið?



**KATY PERRY**
**@katyperry, 7. júlí**
Samfélagsmiðlar: Frábær staður til að byrja að sálgreina einhvern!



**FLINKUR** Pip er öflugur í parkour. NORDICPHOTOS/GETTY

# Parkour-stjarna í Stjörnustríð

Pip Andersen, atvinnumaður í parkour, og bandaríska leikkonan Crystal Clarke eru nýjustu meðlimir leikaraliðs Star Wars: Episode VII. Áheyrnarprufur fyrir hlutverkin voru haldnar í ellefu borgum í Bandaríkjunum og Bretlandi og mættu rúmlega 37 þúsund manns. Auk þess sendu um þrjátíu þúsund manns umsóknir í gegnum netið.

J.J. Abrams leikstýrir myndinni e en í aðalhlutverkum eru Carrie Fisher, Harrison Ford, Mark Hamill, Adam Driver og Lupita Nyong'o. Myndin verður frumsýnd í desember á næsta ári. -lkg

# Tökur hefjast á næsta ári

Næsta kvikmynd Hafsteins Gunnars Sigurðssonar, Kanarí, fer í tökur á næsta ári. Þetta kemur fram í viðtali við Hafstein á vefsíðunni Variety en nýjasta mynd hans, París norðursins, er sýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary í Tékklandi sem stendur nú yfir. Ætlar Hafsteinn að leita að þýskum meðframleiðanda fyrir Kanarí á hátíðinni en Hafsteinn fékk handritsstyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands fyrir myndina.

Kanarí fjallar um hæglátan mann sem býr á Íslandi með kærustu sinni. Hún ákveður að flytja utan í nám sem skapar vandamál því maðurinn er flughræddur. Hann leitar sér hjálpar en lokum meðferðarinnar er fagnað með ferð til Þýskalands sem breytist í martröð og festist maðurinn á flugvellinum í Düsseldorf.
„Í ferðalaginu uppgötvar maðurinn mikilvæga hluti um sig sjálfan, sambönd sín og flughræðslan verður myndlíking fyrir að fylgja eðlishvötum sínum," segir Hafsteinn í samtali við Variety. Þá bætir hann við að titill myndarinnar hafi upprunalega verið vísun í Kanaríeyjar en sé nú vísun í kanarífuglinn. -lkg

# Daginn sem Skeifan brann

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon



**Á MEÐAN** Skeifan stóð í ljósum logum mjakaðist ég ásamt ótal öðrum ferðalöngum eftir Suðurlandsveginum í átt til höfuðborgarinnar. Ég missti því af brunanum en gat lesið mér til um hann á öllum fréttamiðlum í gær. Nokkrar fréttir sögðu frá margmenninu sem safnast hafði saman við Skeifuna til þess að fylgjast með því sem fram fór, þvert á ráðleggingar lögreglumannanna er vöktuðu svæðið.

**Í FLJÓTU** bragði mætti ætla að þeir sem söfnuðust þarna saman væru hálfgerðir kjánar, að hópast í átt að stórbruna þar sem hættuástand hafði skapast. En við nánari skoðun er ljóst að fylkingin laðaðist að brunanum líkt og mý að mykjuskán – eðlishvötin dró mannskapinn að bálinu sem átti upptök sín í efnalauginni Fönn.

**VÍSINDAMENN** vilja nefnilega meina að aðdráttaraflið sem eldur hefur á Vesturlandabúa stafi af því að við lærðum aldrei að meðhöndla hann sem börn, ólíkt þeim þjóðum sem nota enn eld við sín daglegu störf. Þar missa börn áhuga á eldi skömmu eftir að þau læra að kveikja hann og meðhöndla. Bálið verður hversdagslegt og óspennandi. Nútímalegt líferni okkar er því sökudólgurinn og það sem gerir logana svo lokkandi í okkar augum.

**SÖMU** helgi og Skeifubruninn átti sér stað var goslokunum í Vestmannaeyjum fagnað. Ég var viðstödd hátíðahöldin ásamt lítilli frænku minni sem spurði linnulaust út í eldgos, upphöf þeirra og afleiðingar. „Eru eldgos hættuleg?" „Getur aftur komið eldgos?" „Getur fólk dáið?" Spurningunum rigndi yfir fullorðna fólkið sem reyndi eftir bestu getu að svara spurningum barnsins og um leið slá á óttann.

**LITLA** frænkan og mannskapurinn sem safnaðist saman í Skeifunni á sem sagt það sameiginlegt að heillast af og óttast eldinn, fegurð hans og eyðileggingarmátt. Þetta er allt í eðli okkar.



**BRAVÓ** Stemningin í sirkustjaldinu var fyrsta flokks og áhorfendur afar sáttir við Sirkus Íslands. MYND/SIRKUS ÍSLANDS

# Töfrandi list í sirkustjaldi

SIRKUS ★★★★☆

**Heima er best**
Sirkus Íslands

Í fjölskyldusýningu Sirkuss Íslands, Heima er best, er ýmsum listformum sem vel þekkt eru innan sirkusheimsins blandað saman. Loftfimleikar, gripl, listir með húllahringi, trúðaleikur og dans svo fátt eitt sé nefnt. Sirkusstjóri stjórnar svo herlegheitunum og tryggir að sýningin renni ljúflega áfram en það hlutverk leysir Margrét Erla Maack prýðilega af hendi.

En byrjum á byrjuninni. Sirkusinn festi nýlega kaup á veglegu sirkustjaldi, Jöklu, til að geta ferðast um landið þvert og endilangt og sýnt listir sínar. Það er mikilfengleg sjón að sjá það gægjast upp úr kjarrinu á Klambratúni og ekki síðri sjón að standa fyrir framan það og berja það augum í allri sinni dýrð. Þá strax fyllist maður barnslegum sirkusanda. Og ekki minnkar hann við komuna inn í tjaldið. Yndisleg lykt, sem er sambland af sykurflosi, poppi og töfrum, fyllir vitin og um stund líður manni eins og um óræða galdraveröld sé að ræða.

Flestöll atriðin í sýningunni eru vel útfærð og hæfilega löng. Í nokkrum þeirra fór þó eitthvað úrskeiðis, minniháttar atriði svo sem. Í þeim sviðslistum sem við þekkjum hvað best hér á landi myndu svoleiðis mistök setja strik í reikninginn en sirkusgestir eru hins vegar fúsari til að fyrirgefa. Sirkuslistamenn búa líka við þann munað að geta snúið smávægilegum mistökum uppí grín. Ég persónulega hefði þó viljað örlítið færri hnökra því það er bersýnilegt að þessi sýning hefur verið æfð í þaula og er drifin áfram af ástríðu og mikilli ást á sirkusforminu.

Tveir trúðar koma við sögu eins og algengt er í sirkus og var ég sérstaklega hrifin af þeim. Mjög skýrar hreyfingar og karakterar sem gerðu atriði þeirra afar auðskiljanleg og fyndin. Einnig voru loftfimleikarnir framúrskarandi og náðu listamennirnir að láta erfiðar æfingar líta út eins og barnaleik. Griplið er þó mitt eftirlætissirkuslistaform og var það hrein unun á að líta enda ávallt hrífandi að horfa á listamenn framkvæma atriði sem maður telur ómöguleg í huganum.

Hljóðkerfið í tjaldinu er ekki eins og best verður á kosið og bitnaði það á Margréti Erlu enda nánast eina manneskjan sem talar í sýningunni. Margrét Erla er full af orku eins og hún sýnir með líkamstjáningu en orðin komust ekki eins vel til skila og skrifast það á hljóðkerfið.

Loks vil ég þakka Lee Nelson, forsprakka Sirkuss Íslands, fyrir að færa sirkusinn til okkar landsmanna og óska honum, og öllum sem standa að sirkusnum, til hamingju með þetta íburðarmikla sirkustjald sem á vonandi eftir að færa Íslendingum sirkuslistir um ókomna tíð. Heima er best lofar góðu um framtíðina og á sirkusinn án efa eftir að vaxa og dafna á næstu árum. **Lilja Katrín Gunnarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Flott og kraftmikil sýning sem hrífur áhorfendur þótt hún sé ekki hnökralaus.


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





**FYRIRGEFIÐ** Mel segist vera búinn að biðjast afsökunar á andgyðinglegu athugasemdunum margoft.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Hneykslið er að baki

Mel Gibson er búinn að vinna í sínum málum.

Leikarinn Mel Gibson er á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Karlovy Vary í Tékklandi til að taka við Crystal Globe-verðlaununum fyrir ævistarf sitt í kvikmyndabransanum. Blaðamaður Hollywood Reporter greip tækifærið og spurði hann út í atvikið sem átti sér stað árið 2006 þegar hann hreytti andgyðinglegum athugasemdum í lögreglumann sem handtók hann fyrir ölvunarakstur en leikarinn Gary Oldman varði gjörðir Mels fyrir stuttu.

„Þetta er að baki; þetta er átta ára gömul saga. Þetta kemur allt af upp reglulega en ég er búinn að vinna í þessu á ábyrgan hátt,“ segir Mel.

„Ég hef beðist afsökunar margoft. Ég hef gert það sem ég þurfti að gera,“ bætir Mel við. Þá talaði hann líka um hvað væri fram undan hjá honum í kvikmyndabransanum.

„Ég var að klára mynd í Nýju-Mexíkó sem heitir Blood Father og er leikstýrt af Jean-Francois Richet. Yndislegur og góður, franskur leikstjóri. Ég leik mótorhjólagaur sem á dóttur sem er í vandræðum.“ - lkg


Rúmföt fyrir hótel
gistiheimili og stofnanir

Hvít rúmföt í mörgum gerðum, bæði með og án útsaums.

Rúmfötin eru ofin úr 100% Pima bómull sem er einstaklega mjúk og endingargóð.

Hótelrúmfötin eru hönnuð á Íslandi og eru ofin úr 350-380 þráða bómull sem veitir einstaka vellíðan.

Vegna aukinna umsvifa getum við boðið hágæða rúmföt á einstöku verði.



100% bómull

Lín DESIGN

Lín Design heildsala Laugavegi 178 Sími 533 2220 lindesign.is

Veldu **notaðan Kia** með **lengri ábyrgð**

KIA The Power to Surprise




**Kia Sorento EX Lux 2,2**
Árg. 2012, ekinn 75 þús. km, dísil, 198 hö., sjálfskiptur, eyðsla 6,7 l/100 km.*
**Verð: 5.890.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
**49.900 kr.****

**M.v. 61% innborgun og 60 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,42%.




**Kia Picanto LX 1,0**
Árg. 2012, ekinn 73 þús. km, bensín, 69 hö., beinskiptur 5 gíra, eyðsla 4,2 l/100 km.*
**Verð: 1.480.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
**19.990 kr.****

**M.v. 39% innborgun og 60 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 12,08%.




**Kia Sorento EX 2,2**
Árg. 2012, ekinn 53 þús. km, dísil, 198 hö., sjálfskiptur, 4x4, eyðsla 6,7 l/100 km.*
**Verð: 5.690.000 kr.**




**Kia cee'd LX 1,4**
Árg. 2013, ekinn 28 þús. km, dísil, 90 hö., beinskiptur 6 gíra, eyðsla 4,1 l/100 km.*
**Verð: 2.990.000 kr.**




**Kia Sportage EX 2,0**
Árg. 2013, ekinn 39 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, 4x4, eyðsla 6,9 l/100 km.*
**Verð: 5.390.000 kr.**




**Kia cee'd LX 1,6**
Árg. 2012, ekinn 45 þús. km, dísil, 116 hö., 6 gíra, sjálfskiptur, eyðsla 4,4 l/100 km.*
**Verð: 2.850.000 kr.**

*Uppgefnar eyðslutölur framleiðanda m.v. blandaðan akstur.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is
Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

# SPORT

## HM Í FÓTBOLTA

**20.00 BRASILÍA-ÞÝSKALAND** Fyrri undanúrslitaleikurinn á HM 2014 í fótbolta fer fram í kvöld en þar mætast heimamenn frá Brasilíu og Þýskaland. Þessi lið mættust í úrslitaleik HM 2002 þar sem Brassar höfðu sigur, 2-0, með tveimur mörkum frá hinum ótrúlega Ronaldo. Brasilía verður án tveggja sinna bestu manna í kvöld, Neymars og Thiagos Silva. Það er gefið að **Dante** tekur stöðu Silvas í byrjunarliðinu en hann er leikmaður Bayern München; mjög öflugur varnarmaður. Stóra spurningamerkið er auðvitað hvernig Luis Felipe Scolari bregst við því að vera án Neymars sem hefur borið sóknarleik Brasilíu á herðum sér. Fær Willian tækifærið og mun hann nýta það?

Vísir Allt um HM á Vísi



## Man óljóst eftir fyrsta landsleiknum

**KÖRFUBOLTI** Hildur Sigurðardóttir mun að öllu óbreyttu slá landsleikjametið hjá A-landsliði kvenna í Evrópukeppni smáþjóða sem fram fer í Austurríki.

Birna Valgarðsdóttir á metið en það er 76 leikir og var sett árið 2009. Hildur er búin að spila 73 leiki. Ísland mun spila tvo vináttulandsleiki gegn Dönum á morgun og fimmtudag. Svo er það EM smáþjóða þann 14. júlí og þá slær Hildur væntanlega metið í leik gegn Möltu.

„Ég er ekki mikið að hugsa um metið en þetta hefur verið langur og skemmtilegur tími með landsliðinu," segir hin 32 ára gamla Hildur. „Ég man óljóst eftir fyrsta landsleiknum en ég er frekar fljót að gleyma. Leikurinn var samt úti í Lúxemborg árið 1999. Það eru komin nokkur ár síðan og vonandi eru nokkur eftir. Á meðan skrokkurinn er í lagi og ég hef gaman af þessu þá held ég áfram. Þetta er stuttur kafli í lífi manns og um að gera að njóta þess á meðan er."

Stelpurnar fá fínan undirbúning fyrir EM í Austurríki með leikjunum gegn Dönum en þetta verða fyrstu landsleikir kvennaliðsins á heimavelli í fimm ár.



**MET Í NÁND** Hildur setur landsleikjametið á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á morgun spila þjóðirnar á Ásvöllum í Hafnarfirði og á fimmtudag mætast þau í Fjarhúsinu í Stykkishólmi. - hbg








**TÆKIFÆRI, TAKK** Skúli Jón Friðgeirsson biður bara um að fá tækifæri til að sýna hvað í sér býr með Gefle í sænsku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Erfitt að vera jákvæður

**Skúli Jón Friðgeirsson fær ekki tækifæri til að sanna sig með Gefle. Dvölin í Svíþjóð verið mjög erfið.**

**FÓTBOLTI** „Ég hef orðið fyrir gríðarlegum vonbrigðum með hvernig þetta hefur þróast," segir Skúli Jón Friðgeirsson, varnarmaður Gefle í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu, í samtali við Fréttablaðið.

Skúli Jón er í láni hjá liðinu frá Elfsborg sem hann gerði fjögurra ára samning við árið 2012. Hann fór til Gefle til að spila en lítið hefur orðið úr því.

Sænska deildin er nýkomin úr sumarfríi en Gefle hefur spilað 13 leiki í henni. Skúli hefur komið inn á í einum leik og spilað í heildina 19 mínútur. Tólf sinnum hefur hann verið ónotaður varamaður.

### Ekki á heimleið

„Ég lenti fyrir utan liðið og þjálfarinn er þrjóskur og spilar á sömu mönnunum þrátt fyrir að ekkert gangi," segir Skúli Jón, en liðið er í 13. og fjórða neðsta sæti með 12 stig, stigi fyrir ofan fallsvæðið.

KR-ingar hafa fylgst grannt með gangi mála hjá Skúla Jóni sem fékk heldur ekkert að spila með Elfsborg í fyrra en þeir þurfa að bíða eitthvað lengur eftir því að varnarmaðurinn öflugi komi heim.

„Ég klára tímabilið hérna að minnsta kosti. Þjálfarinn er búinn að lofa mér því að þetta breytist núna. Ég átti að spila um síðustu helgi þegar deildin kom úr sumarfríi en þá var ég veikur. En nú vann liðið þannig ég veit ekki hvað hann gerir fyrst hann hélt alltaf sama liðinu þegar við töpuðum. Ég er bara alltaf að bíða eftir því að fá minn leik," segir Skúli Jón.

### Kom til að spila

Skúli Jón var fyrir utan hóp hjá Elfsborg nánast allt tímabilið í fyrra. Hann fór til Gefle í einum tilgangi: Að spila fótbolta.

„Ég gekk út frá því að ég væri að fara að spila. Þess vegna kom ég nú hingað. Svo veit ég ekki bara hver andskotinn gerðist. Ég spilaði nokkra leiki á undirbúningstímabilinu og stóð mig vel. En svo valdi þjálfarinn einhverja aðra og hélt sig við þá sama hvað við töpuðum mörgum leikjum," segir Skúli Jón sem hefur engin svör fengið um af hverju hann fær svona fáar mínútur.

„Þjálfarinn bara gaf mér ekki séns. Þetta er svipað og hjá Elfsborg í fyrra. Þar spilaði ég mjög vel á undirbúningstímabilinu en þegar deildin byrjaði var ég ekki í myndinni."

### Orðinn pirraður

Það verður seint sagt að dvöl Skúla Jóns í Svíþjóð hafi verið gæfurík. Hann kvaddi uppeldisfélag sitt, KR, með Íslandsmeistaratitli 2011 og samdi í kjölfarið við Elfsborg. Hann meiddist snemma sumarið 2012 og var frá út tímabilið. Síðan tók við martraðarsumarið í fyrra og nú þetta.

„Þetta er búið að vera mjög erfitt og þetta liggur þungt á manni. Það er erfitt að komast upp úr svona aftur. Sjálfstraustið er ekkert í háum hæðum núna," segir hann en leyfir sér að hlæja.

„Nú þarf maður bara að spyrna sér frá botninum en það er erfitt þegar maður fær engin tækifæri. Ég fæ ekki einu sinni tækifæri til að sýna að ég sé lélegur ef það er málið. Maður er bara orðinn meira pirraður núna frekar en eitthvað annað. Það er erfitt að halda sér jákvæðum í gegnum svona," segir Skúli Jón Friðgeirsson, varnarmaður Gefle. tomas@365.is

# RAZER LEIKJAVÖRUR!

Razer




## NAGA HEX MOBA/RPG LEIKJAMÚS

Razer Naga Hex er sérhönnuð fyrir Action/RPG (Diablo) og MOBA (DOTA, LoL) leiki. 5600dpi og 6 stórir mekanískir forritanlegir takkar. 1000Hz polling rate, 1ms svartími og skráir allt að 250 smelli á mínútu. Stillingarnar þínar haldast í hvaða tölvu sem er í gengum Razer ský á netinu.

**12.990**

Fullt verð 16.990




## RAZER ANANSI MMO LYKLABORÐ

7 modifier takkar beint undir space takkanum. Með því að halda einum takkanum niður getur þú breytt öllum tökkum lyklaborðsins eftir þínum þörfum þar sem þeir eru allir forritanlegir. LED baklýsing undir tökkum.

**15.990**

Fullt verð 19.990

ALLT RAZER LEIKJAVÖRUÚRVALIÐ Á TL.IS




tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.50
**White Collar**



Fjórða þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey. Hann er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við að hafa hendur í hári annarra svikahrappa og hvítflibbakrimma gegn því að komast hjá fangelsisvist.



### Heimur Ísdrottningarinnar
**STÖÐ 2 KL. 20.00** Skemmtilegur þáttur þar sem fylgst verður með Ásdísi Rán og skyggnst verður inn í heim Ísdrottningarinnar þar sem hún mun fjalla um fegurð, heilsu, lýtalækningar, tísku og margt fleira.




### Notting Hill
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 19.50** William Thacker er bóksali í Notting Hill í Lundúnum en Anna Scott er bandarísk kvikmyndastjarna. Þau virðast eiga fátt sameiginlegt en þegar þau hittast fyrir tilviljun taka hlutirnir óvænta stefnu.



### Pretty Little Liars
**STÖÐ 3 KL. 20.25** Fjórða þáttaröðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.

### Bylgjan kl. 16-18.30
**Reykjavík síðdegis**

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar.




Körfuknattleikssamband Íslands kynnir

LANDSLIÐ KVENNA

ÍSLAND
DANMÖRK

9. og 10. júlí 2014

Íslenska kvennalandsliðið leikur tvo leiki gegn landsliði Danmerkur dagana 9. og 10. júlí. Leikirnir eru liður í undirbúningi liðsins fyrir Evrópukeppni smáþjóða sem fram fer í Austurríki 14.-19. júlí.

**ÍSLAND-DANMÖRK · 9. júlí**
Ásvellir í Hafnarfirði kl. 19.15

**ÍSLAND-DANMÖRK · 10. júlí**
Stykkishólmur kl. 19.15

Miðaverð á hvorn leik verður 1.000 kr. fyrir 16 ára og eldri. Miðasala á leikstað. Sjá nánar á www.kki.is




Fylgist með á Instagram
#stelpurikorfu

ICELANDAIR · DOMINO'S DEILDIN · Landflutningar SAMSKIP · POWERADE · Lengjan www.getraunir.is · Hertz



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*




Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Malcolm in the Middle** *(12:22)*
**08.25 Extreme Makeover: Home Edition** *(16:26)*
**09.10 Bold and the Beautiful** *(6393:6821)*
**09.30 Doctors** *(10:175)*
**10.10 The Wonder Years** *(15:24)*
**10.35 The Middle** *(8:24)*
**11.00 Á fullu gazi**
**11.30 The Newsroom** *(4:10)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Cold Feet** *(4:7)*
**13.55 American Idol** *(6:39)*
**14.45 Covert Affairs** *(14:16)*
**15.30 Sjáðu**
**16.00 Frasier** *(23:24)*
**16.25 The Big Bang Theory** *(19:24)*
**16.45 How I Met Your Mother** *(24:24)*
**17.10 Bold and the Beautiful** *(6393:6821)*
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(14:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Back in the Game** *(3:13)*
**19.35 2 Broke Girls** *(4:24)*
**20.00 Heimur Ísdrottningarinnar**
**20.25 Anger Management** *(14:22)*
**20.50 White Collar** *(5:16)*
**21.35 Orange is the New Black** *(5:14)*
**22.35 Burn Notice** *(5:18)*
**23.20 Veep** *(10:10)*
**23.50 Dallas** *(6:15)*
**00.35 Mistresses** *(4:13)*
**01.20 Believe** *(12:13)*
**02.10 Enlightened** *(1:10)*
**02.40 Bones** *(2:24)*
**03.25 Fringe** *(14:22)*
**04.10 The Prey**
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Borgunarmörkin 2014**
**08.10 Borgunarmörkin 2014**
**14.10 Formúla 1 - Bretland**
**16.30 Demantamótin**
**18.30 Shellmótið**
**19.10 Breiðablik - KR**
**21.00 Borgunarmörkin 2014**
**22.10 World's Strongest Man 2013**
**23.05 UFC 175** Útsending frá UFC 175.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.10 HM Messan**
**12.10 Spánn - Síle**
**13.55 Holland - Mexíkó**
**15.45 HM Messan**
**16.45 Kostaríka - Grikkland**
**19.10 8 liða úrslit**
**20.50 HM Messan**
**21.50 Holland - Kostaríka**
**23.30 Undanúrslit**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing–Upphaf Norðurlandsleiðangurs 2013. **21.00** 433– Knattspyrnuumfjöllun í nýju ljósi. **21.30** Gönguferðir–Jónas Guðmundsson er leiðsögumaður um íslenska náttúru.

## STÖÐ 3

**18.35 Baby Daddy** *(16:16)*
**19.00 Grand Designs** *(11:12)*
**19.45 Hart of Dixie** *(21:22)*
**20.25 Pretty Little Liars** *(20:25)*
**21.10 Nikita** *(21:22)*
**21.55 Terminator: The Sarah Connor Chronicles** *(6:22)*
**22.35 Revolution** *(18:22)*
**23.15 Tomorrow People** *(20:22)*
**00.00 Grand Designs** *(11:12)*
**00.50 Hart of Dixie** *(21:22)*
**01.35 Pretty Little Liars** *(20:25)*
**02.15 Nikita** *(21:22)*
**03.00 Terminator: The Sarah Connor Chronicles** *(6:22)*
**03.45 Tónlistarmyndbönd**

## KrakkaStöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Leyndarmál vísindanna **10.00** Lína langsokkur **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Leyndarmál vísindanna **14.00** Lína langsokkur **14.24** Latibær **14.48** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Leyndarmál vísindanna **18.00** Lína langsokkur **18.24** Latibær **18.48** Hvellur **19.00** Franklín **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.45 Strákarnir**
**18.15 Friends** *(4:24)*
**18.40 Seinfeld** *(1:22)*
**19.05 Modern Family** *(1:24)*
**19.30 Two and a Half Men** *(12:16)*
**19.55 Léttir sprettir**
**20.20 Hæðin** *(1:9)*
**21.00 Breaking Bad**
**21.50 Rita** *(7:8)*
**22.30 Lærkevej** *(5:12)*
**23.10 Chuck** *(1:22)*
**23.55 Cold Case** *(10:23)*
**00.40 Léttir sprettir**
**01.05 Hæðin** *(1:9)*
**01.50 Breaking Bad**
**02.35 Rita** *(7:8)*
**03.15 Lærkevej** *(5:12)*
**04.00 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.40 The Big Year**
**13.20 The Clique**
**14.45 Notting Hill**
**16.45 The Big Year**
**18.25 The Clique**
**19.50 Notting Hill**
**22.00 Argo**
**00.00 Twelve**
**01.35 A Dangerous Method**
**03.15 Argo**

## RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Músahús Mikka** *(19:26)*
**17.42 Stundarkorn**
**18.08 Stundarkorn**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Njósnari** *(10:10) (Spy II)* Bresk gamanþáttaröð þar sem fylgst er með Tim sem er njósnari hjá MI5 og togstreitu hans milli njósnastarfs og einkalífs. Meðal leikenda eru Darren Boyd, Robert Lindsay og Mathew Baynton. e.
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 HM-stofan** Björn Bragi og gestir fjalla um mál málanna á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
**19.50 HM í fótbolta** *(Undanúrslit)* Bein útsending frá undanúrslitum á HM í fótbolta sem fram fer í Brasilíu.
**21.55 HM-stofan**
**22.15 Tíufréttir**
**22.30 Veðurfréttir**
**22.35 Castle** *(23:23) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.
**23.20 Víkingarnir** *(7:9) (The Vikings)* Ævintýraleg og margverðlaunuð þáttaröð um víkinginn Ragnar Loðbrók, félaga hans og fjölskyldu. Aðalhlutverk: Travis Fimmel, Clive Standen og Jessalyn Gilsig. Leikstjóri: Michael Hirst. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**00.05 Leynimakk** *(2:4) (Hidden)*
**01.05 Fréttir**
**01.20 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond** *(3:24)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Million Dollar Listing** *(9:9)*
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 Katie: My Beautiful Face**
**18.55 Top Chef** *(15:15)*
**19.40 Happy Endings** *(4:22)*
**20.05 30 Rock** *(1:22)*
**20.30 Catfish** *(3:12)*
**21.15 The Good Wife** *(22:22)*
**22.00 Nurse Jackie** *(3:10)* Margverðlaunuð bandarísk þáttaröð um hjúkrunarfræðinginn og pilluætuna Jackie.
**22.30 Californication** *(3:12)*
**23.00 The Tonight Show**
**23.45 Green Room With Paul Provenza** *(6:8)*
**00.10 Royal Pains** *(12:16)*
**00.55 Scandal** *(2:18)*
**01.40 Nurse Jackie** *(3:10)*
**02.10 Californication** *(3:12)*
**02.40 The Tonight Show**
**03.25 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **12.00** European Tour 2014 **12.50** Golfing World 2014 **13.40** Champions Tour 2014 **14.35** PGA Tour 2014 **17.35** Inside The PGA Tour 2014 **18.00** Golfing World 2014 **18.50** PGA Tour 2014 **19.45** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

# FamilyCamp

**ÍSLENSKUR TJALDVAGN • HANNAÐUR OG SMÍÐAÐUR Á ÍSLANDI FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR**




FamilyCamp er íslenskur tjaldvagn sem er hannaður og smíðaður til að standast íslenskar aðstæður. Kassinn á FamilyCamp er smíðaður úr trefjaplasti með 15 mm einangrun í hliðum og 10 mm í loki. Undir rúmi er geymsla og hægt er að lyfta rúmbotni upp til að komast í hana en geymslan virkar einnig sem einangrun undir rúmi. Seglið er saumað úr 100% bómull sem gerir FamilyCamp einstaklega hlýjan og notalegan. FamilyCamp er með svefnpláss fyrir fjóra í tveimur herbergjum. FamilyCamp er léttur aðeins 310 kg. en með burðargetu upp á 240 kg. hann er á galvaniseraðri grind með AL-KO flexitorum og 13" felgum.
Heildarlengd vagnsins er 360 cm. og breiddin er 171 cm.
Heildar leyfileg þyngd er 550 kg.
Það tekur ekki nema örfáar mínútur að reisa vagninn og setja upp fortjaldið.



**FamilyCamp er tilvalinn kostur fyrir þá sem vilja vera nálægt náttúrunni með hámarksþægindi.**

Verð áður kr. 1.470.000,- með fortjaldi.
**Verð kr. nú 1.270.000,- með fortjaldi.**

**Opið um helgina frá klukkan 12 til 16**

## O-Grill 3500 með hitamæli.

- Upplagt til að grilla læri, stóra steik eða heilann kjúkling.
- Góð grillhæð frá grind og upp í lok.
- Hitamælir í loki.
- Verð 35.950,-





VÍKUR V • E • R • K

**VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • WWW.VIKURVERK.IS**

## BESTI BITINN



**„Ég er algjör skyndibitafíkill. Nonnabiti hefur alltaf verið í sérstöku uppáhaldi og þá sérstaklega nauta- og ostabáturinn ef maður bætir lauknum við. Þá er maður kominn með hinn fullkomna skyndibita.“**

Ásgrímur Geir Logason dagskrárgerðarmaður.

# Leoncie setur húsið sitt á sölu

Indverska prinsessan útilokar ekki að flytja utan á nýjan leik en heldur þó öllu opnu. Hún ætlar sér að klára þrjú tónlistarmyndbönd í sumar, á Íslandi og ytra.

„Ég hef sett húsið mitt á sölu og það gæti alveg verið að ég flytti út aftur,“ segir tónlistarkonan Leoncie en hún flutti til Íslands fyrr á þessu ári eftir að hafa búið í Englandi um nokkurt skeið. Hún segist vera komin með heimþrá til Bretlands. „Ég er líka orðin þreytt á gjaldeyrismálunum, ef Seðlabanki Íslands hefði ekki rænt okkur um hábjartan dag fyrir hálfvirði þá hefði ég aldrei komið til Íslands. Þessi virðisaukaskattur er bölvun,“ bætir Leoncie við. Hún býr nú í Keflavík og vildi búa sem næst flugvellinum svo styttra væri til útlanda.

Fyrir skömmu birti hún færslu á Facebook þar sem hún lýsti eftir karlmanni til þess að leika á móti sér í nýju tónlistarmyndbandi. „Ég fékk sendar fullt af myndum og margir af þessum mönnum voru naktir. Þeir voru misflottir en voru allir íslenskir,“ segir Leoncie spurð út í eftirspurnina eftir að leika í myndbandinu hennar.

> **Þessi virðisaukaskattur er bölvun.**
>
> *Leoncie*

Hún er á leið til Bretlands þar sem hún ætlar að taka upp tónlistarmyndband. „Ég ætla að taka upp þrjú myndbönd í sumar, tvö í Englandi og eitt á Íslandi.“ Hún leikstýrir myndböndunum sjálf. „Ég hef samið lögin og textana og veit nákvæmlega hvernig ég vil hafa þetta,“ bætir hún við. -glp



**NÝTT EFNI** Tónlistarkonan Leoncie er á leið til Bretlands að taka upp tónlistarmyndband. MYND/EINKASAFN


Dregið hefur verið í happdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Vinningar komu á eftirtalin númer:

**Toyota Auris 1,33 Dual að verðmæti kr. 3.370.000 hver bifreið komu á miða númer :**

43164 36924

**Ferðavinningur frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr 600.000 hver vinningur komu á miða númer:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 5420 | 17638 | 22711 | 50300 | 53135 | 61859 | 70879 |
| 74672 | 75946 | 79521 | | | | |

**Ferðavinningur frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr.300.000 hver vinningur komu á miða númer:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 667 | 2671 | 4536 | 5926 | 8935 | 12878 | 13521 |
| 14237 | 14492 | 20190 | 21356 | 22116 | 22568 | 23554 |
| 24411 | 24926 | 25491 | 28164 | 29068 | 31407 | 32517 |
| 32527 | 34857 | 35299 | 35662 | 36168 | 36380 | 36877 |
| 38231 | 38691 | 39935 | 40999 | 42971 | 43028 | 43566 |
| 43820 | 44808 | 44857 | 45306 | 45473 | 48188 | 48236 |
| 50546 | 50655 | 52207 | 52836 | 53602 | 54630 | 54945 |
| 55129 | 55870 | 56238 | 56493 | 56678 | 56747 | 57993 |
| 58232 | 58359 | 58393 | 59593 | 59901 | 60287 | 60732 |
| 60892 | 62483 | 63486 | 63497 | 64558 | 64676 | 66814 |
| 67099 | 68497 | 69001 | 69091 | 69928 | 69946 | 70681 |
| 71850 | 72290 | 72366 | 74659 | 74683 | 76041 | 77142 |
| 77520 | 78511 | 78845 | 79621 | | | |

Birt án ábyrgðar

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA


# Vísindamenn fluttir inn til að laga veðrið

Sérstakt veðurbreytingatæki var flutt til landsins til þess að sjá til þess að gott veður yrði á tónlistarhátíðinni Secret Solstice samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Tveir breskir vísindamenn komu með sérstakt veðurbreytingatæki til Íslands í lok júní samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Heimildir blaðsins herma að tækið hafi gagngert verið flutt hingað til lands til að tryggja að veðrið á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í Laugardalnum yrði gott, þrátt fyrir slæma veðurspá. Ku vísindamennirnir hafa verið kallaðir hingað til lands frá Bretlandi aðfaranótt föstudagsins 20. júní þegar eitthvað var um rigningu á hátíðinni.

Samkvæmt heimildum blaðsins hafði Jakob Frímann Magnússon, einn skipuleggjenda Secret Solstice-hátíðarinnar, veg og vanda af heimsókn umræddra vísindamanna en sjálfur verst hann allra fregna af málinu.

Heimildir Fréttablaðsins herma að umrætt tæki notist við svokallaða skýjasáningartækni (e. cloud seeding). Tæknin kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1946 í Bandaríkjunum en markmið tækninnar er að hafa áhrif á úrkomu. Stærsta skýjasáningarkerfið er notað í Kína og hafa kínversk stjórnvöld haldið því fram að það hafi verið notað rétt fyrir Ólympíuleikana í Peking árið 2008 til að ekki rigndi við opnunar- og lokaathöfnina. Þær fullyrðingar Kínverja hafa hins vegar verið dregnar í efa af fræðimönnum.

Kristján Óttar Klausen veðureftirlitsmaður segir mælingar vanta til að segja til um hvort tæknin virki.

„Annaðhvort vill fólk að þetta sé satt eða að þetta sé hljóðlát bylting en aðeins mælingar skera úr um þetta.“

Kristján nefnir annað tæki sem heitir „skýjabani“ (e. cloud buster) og á að gera sama gagn og skýjasáning.

„Það eru engin vel þekkt áhrif þarna á bak við og tækið er ekki viðurkennt í vísindaheiminum. Það væri þó gaman að sjá virkni tækisins en hana verður að sanna með mælingum, orðrómur er ekki nóg,“ segir Kristján.

Ef veðurbreytingatækið sem flutt var hingað til lands virkar gæti það hentað vel í kvikmyndabransann, en mikil uppsveifla hefur verið í honum síðustu ár. Veðrið leikur þó alltaf stórt hlutverk enda allra veðra von á landinu og oft frestast tökur vegna þess.

„Þetta myndi auðvitað henta mjög vel í kvikmyndagerð. Ég þekki þó ekki til svona tækis persónulega. Það myndi einnig henta sérstaklega vel í veiði,“ segir Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmaður, sem staddur var í vonskuveðri í veiði úti á landi þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

gunnarleo@frettabladid.is



**SÆKJA SÓLINA** Blíðviðri var á Secret Solstice-hátíðinni. Sóttu vísindamennirnir sólina fyrir hátíðarhaldarana? FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINO

### → Hvernig virkar veðurbreytingatækið?

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða tæki sem er um það bil sextíu sentímetrar að lengd, þrjátíu sentímetrar að breidd og þrjátíu sentímetra hátt og notast við sérstaka kristalla. Inni í tækinu er sérstök spóla sem býr til krafta.

Tegundir skýja og vinda hafa áhrif á virkni tækisins en talið er að það búi meðal annars til hæð undir lægð og færi lægðarskilin fjær jörðu.

Tækið á að vera umhverfisvænt og á ekki að skaða umhverfið að neinu leyti.



**HENTUGT** Friðrik Þór segist vera til í að hafa slíkt tæki við höndina í vonskuveðri.



**EINN SKIPULEGGJENDA** Jakob Frímann verst allra fregna af málinu.





Póst dreifing

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifaríkt leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is


# Framleiða listaþátt á mannamáli

Margrét Þorgeirsdóttir og Anna Birta Tryggvadóttir vildu varpa ljósi á vinnu listafólks hér á landi og framleiddu því eigin sjónvarpsþátt, Lyst á list.

„Við vildum gera listaþátt á mannamáli og sýna fólki hvað það er mikil gróska í list hér í Reykjavík og úti um allt land,“ segir leik- og dagskrárgerðarkonan Margrét Þorgeirsdóttir, en Margrét og vinkona hennar til tuttugu ára, Anna Birta Tryggvadóttir, standa á bak við lista- og menningaþáttinn Lyst á list sem sýndur verður á sjónvarpsstöðinni iSTV sem fer í loftið 17. júlí.

Margrét og Anna Birta eru báðar lærðar leikkonur en ákváðu að fara út í dagskrárgerð þar sem lítið var um önnur verkefni. „Það er ekki beint verið að berja á dyrnar hjá manni með verkefnin svo við ákváðum að vera með á iSTV sem er svona grasrótarstöð en þar koma allir með sitt efni tilbúið. Ég er því núna að framleiða, dagskrárstýra og klippa svo nú er brjálað að gera,“ segir Margrét og hlær. Hún segir að þær stöllur komi víða við í þáttunum.

„Viðmælendur okkar verða óþekktir, sjálfmenntaðir, menntaðir, þjóðþekktir og þar fram eftir götunum. Við viljum varpa ljósi á þá vinnu sem listafólk leggur á sig, til dæmis fyrir sýningu eða opnun. Þátturinn verður í raun okkar svar við því hvers vegna listafólk ætti ekki að þurfa að fá sér hefðbundna vinnu.“ -ka



**GRÓSKA Í LISTINNI** Margrét og Anna ætla að kynnast hinum ýmsu hliðum listarinnar í þættinum Lyst á list.

# AEG

# VERKSMIÐJUMISTÖK?

NEI, ekki galli, heldur afgreiðslumistök
– í stað þess að fá 156 AEG þvottavélar
í vikunni fengum við **þrjá**
40 feta GÁMA eða
**468 AEG þvottavélar**
í sömu vikunni.




**Þó að AEG þvottavélar hafi verið VINSÆLUSTU ÞVOTTAVÉLAR Á ÍSLANDI svo lengi sem elstu menn muna, er þetta of mikið. Það er ekki pláss á lagernum.**
*Nú hagnast viðskiptavinir okkar.*



## 20% afsláttur af 5 gerðum af AEG þvottavélum

**með íslensku stjórnborði – 6/7/8 kg. og 1200/1400/1600 snúninga vinding.**

## 10 ára AEG ábyrgð á mótorum án kola.

**Auk þess 25% afsláttur á nokkrum AEG þvottavélum án íslensks stjórnborðs meðan birgðir endast.**

OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18
Lokað á laugardögum í sumar

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**
**www.ormsson.is**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON**<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | **ORMSSON**<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | **KS**<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | **SR · BYGG**<br>SIGLUFIRÐI<br>SÍMI 467 1559 | **ORMSSON**<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | **ORMSSON**<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | **ORMSSON**<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | **ORMSSON**<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | **ORMSSON**<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | **GEISLI**<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eignuðust stúlku



Matgæðingurinn og sjónvarpskokkurinn **Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir** og unnusti hennar, Haraldur Haraldsson, eignuðust dóttur á sunnudaginn en þetta er fyrsta barn þeirra. Fæðingin gekk að sögn Evu mjög vel en stúlkan var 13 merkur og 51 cm við fæðinguna. Eva og Haraldur ákváðu að nefna dótturina í höfuðið á báðum ömmum sínum og hlaut hún því nafnið Ingibjörg Rósa. Móðurhlutverkið leggst afar vel í Evu og segir hún að lífið gæti hreinlega ekki verið betra. **-ka**

### Spilaði með Skímó

Það var enginn annar en **Ingólfur Þórarinsson**, betur þekktur sem **Ingó Veðurguð**, sem tók að sér að spila á slagverk með hljómsveitinni Skítamóral, þegar hún kom fram á Írskum dögum á Akranesi um helgina.

Einar Ágúst Víðisson, annar af söngvurum sveitarinnar, leikur að jafnaði á slagverk en var upptekinn við gítarleik og því brá Ingó á það ráð að aðstoða sveitina með fögrum kongatrommuleik. Þá söng hann einnig nokkur lög með sveitinni.

Margir hafa líklega rekið upp stór augu þegar þeir sáu Ingó á sviðinu en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Ingó talinn vera nokkuð spræk ur á ýmis slagverkshljóðfæri og hver veit nema hann komi fram með sveitinni aftur. Um 3.000 gestir voru á ballinu en sveitin kemur næst fram á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina. **- glp**



## Mest lesið VÍSIR

1. Eldurinn í Skeifunni: Ótrúlegt myndband úr háloftunum
2. Magnaðar myndir: Gífurlegt tjón er Skeifan 11 brann
3. „Vonandi sýnir þetta slys að við erum ekki bara fyrir"
4. Hunsaði viðvaranir lögreglunnar
5. Sonur Eiðs Smára getur skorað eins og pabbinn | Myndband




